


**skoðun** 12




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Pallurinn



**Áhrifamiklar íslenskar jurtir**
*Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir yfirfærir kínverskar lækningar á íslenskar jurtir í endurútgáfu bókarinnar Íslenskar lækningajurtir.*
**allt** 2


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**5. júlí 2011**
154. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Skellti sér í þyrluflug**
*Heimsókn rokkarans Jons Bon Jovi til Íslands hefur vakið athygli.*
**fólk** 30

**Með okkar augum**
*Sjónvarpsþættirnir Með okkar augum birta sýn þroskahamlaðra á ýmis málefni.*
**tímamót** 16



**Draumur sem rættist**
*Kolbeinn vill spila um titla og skora mörk fyrir stórliðið Ajax.*
**sport** 26

**veðrið í dag**




**BIRTIR TIL V-LANDS** Í dag má vænta einhverrar vætu S- og SA-lands en annars staðar að mestu þurrt. Víða 3-8 m/s en hvassara við SA-ströndina.
VEÐUR 4

# Landeyjahöfn hugsanlega lokuð næstkomandi vetur

**Rætt er um að loka Landeyjahöfn næsta vetur vegna óvissu um aðstæður. Ákveðið var að stofna samstarfshóp til að meta aðstæður. Innanríkisráðherra ítrekar að engar ákvarðanir hafi enn verið teknar í málinu.**

**SAMGÖNGUR** Rætt hefur verið um að loka alfarið fyrir siglingar Herjólfs um Landeyjahöfn í nokkra mánuði næsta vetur vegna óvissu um aðstæður. Í maí síðastliðnum var settur á laggirnar samstarfshópur á vegum innanríkisráðuneytisins, Siglingastofnunar, Vegagerðarinnar, Eimskips og Vestmannaeyjabæjar til að meta aðstæður í höfninni og setja saman aðgerðaáætlun ef til þess kæmi að loka fyrir siglingar um hana næsta vetur.

> Við verðum að greina á milli þess sem við ráðum við og þess sem við ráðum illa við.
>
> ÖGMUNDUR JÓNASSON INNANRÍKISRÁÐHERRA

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ítrekar að engar ákvarðanir hafi verið teknar um að loka höfninni yfir veturinn. „Samstarfshópurinn mun miðla upplýsingum sín á milli og veita mér reglulegar upplýsingar með skipulögðum hætti,“ segir Ögmundur. „Það er ekki svo að málið sé í einhverri upplausn, nema síður sé.“

Ráðherra bendir á þær óviðráðanlegu aðstæður sem hafa valdið því að Herjólfur hefur ekki náð að sigla sem skyldi um Landeyjahöfn, en hún var lokuð frá 14. janúar síðastliðnum, til 4. maí. Það gerir um sautján vikur. „Við verðum að greina á milli þess sem við ráðum við og þess sem við ráðum illa við,“ segir Ögmundur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sterkur vilji hjá Eimskipi, sem á og rekur Herjólf, til að loka höfninni um tíma. Verið er að skoða að hafa hana opna fram í desember eða janúar en loka svo í nokkra mánuði og sigla þá frá Þorlákshöfn.

Guðmundur Nikulásson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Eimskips, staðfestir að lokun hafnarinnar næsta vetur hafi verið rædd. „Samstarfshópurinn þarf að meta þetta og koma með tillögur,“ segir hann. „Það er þó enginn búinn að leggja fram beinar tillögur um lokun.“

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir það hugsanlegt að Herjólfur geti ekki þjónustað höfnina nema hluta úr ári, eins og komið hefur í ljós frá því að hún opnaði. „En hins vegar liggur það fyrir að Landeyjahöfn verður að þjónusta samfélagið í Vestmannaeyjum í tólf mánuði á ári.“

Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun hafa framkvæmdir við Landeyjahöfn kostað tæpa fjóra milljarða króna.

- sv, shá / sjá síðu 4




**Í ÖRUGGUM HÖNDUM** Alvarlegt bílslys varð um hádegið í gær við bæinn Miðhóp í Víðidal. Þrír bílar skullu saman en í þeim voru ellefu manns. Tveir slösuðust alvarlega og voru báðar þyrlur Landhelgisgæslunnar kallaðar út. Fimm voru fluttir á Landspítalann með TF-GNÁ en fjórir með TF-LÍF. Tveir voru fluttir með sjúkrabíl á sjúkrahús. Þrír voru lagðir inn en átta máttu fara heim. Barnið á myndinni fékk að fara heim að skoðun lokinni. Það var í hópi erlendra ferðamanna sem voru í tveimur bílanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skoðun á TF-GNÁ frestað:

## Tvær þyrlur til taks allt þetta ár

**ÖRYGGISMÁL** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði í viðtali við Vísi í gærkvöldi að búið væri að fresta reglubundinni skoðun á björgunarþyrlunni TF-GNÁ um nokkra mánuði. Ögmundur segir ákvörðunina tekna til að tryggja lágmarks viðbúnað.

„Það sem hefur verið á döfinni hjá okkur frá því í haust var að taka aðra þyrlu á leigu, en tilboðin hafa öll reynst óaðgengileg,“ segir Ögmundur sem segir kaup á nýrri þyrlu einnig hafa verið skoðuð.

Lengi hefur legið fyrir að alvarleg staða getur komið upp ef aðeins ein þyrla er til taks. Það snýr ekki síst að sjófarendum en ekki er hægt að veita skipi aðstoð lengra en tuttugu mílur frá landi við þær aðstæður. - shá

Utanríkisráðherra telur samninganefnd vegna ESB hafa fullt umboð:

## Skert umboð stöðvar viðræður

**UTANRÍKISMÁL** Fulltrúar í samninganefnd Íslands, vegna aðildarviðræðna við ESB, hafa áhyggjur af þeim takmörkunum sem settar hafa verið á umboð fulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá telur Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fulltrúana ekki hafa umboð til að ræða breytingar á tollavernd landbúnaðarvara.

Í fundargerð samningahópsins frá 19. maí kemur fram að fulltrúarnir telja mikilvægt að leita lausna á þessu máli.

Takmörkunin skapi vandamál, auk þess sem fulltrúi ráðuneytisins hefur ekki umboð til að vinna að áætlanagerð. Þá segir í fundargerðinni: „Einn samninganefndarmanna taldi að líta mætti svo á að með slíkri yfirlýsingu væri verið að stöðva viðræðurnar.“

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra vildi ekki tjá sig efnislega um málið við Fréttablaðið þar sem hann hefði ekki séð umrædda fundargerð. Hann sagði þó að hann liti svo á að fulltrúar í nefndinni hefðu fullt umboð til viðræðna. Samningaferlið hefði verið kynnt í ríkisstjórn og ætti því að vera öllum sem þar sætu ljóst.

Ekki náðist í Jón Bjarnason við vinnslu fréttarinnar. - kóp


SANYL ÞAKRENNUR



• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

TENGI
FRÁBÆRT TILBOÐ ELDHÚSVASKUR



Tilboðsverð kr. 13.900,-
BASIC 150
STÆRÐ: 780 X 435 MM

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

**SPURNING DAGSINS**



*Haukur, kyssir þú svona illa?*

„Greinilega fyrst ég fékk þennan voðalega Júdasarkoss til baka.“

Haukur Holm greindi frá því í gær að hann hafi fengið koss frá Arnþrúði Karlsdóttur, útvarpsstjóra Útvarps Sögu, áður en hann fór í sumarfrí en nokkrum dögum síðar fékk hann svo uppsagnarbréf.

Brimborg vildi skila Reykjavíkurborg lóð undir atvinnuhúsnæði eftir hrunið:

# Greiði Brimborg 136 milljónir

**DÓMSMÁL** Reykjavíkurborg var í gær dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða Brimborg tæpar 136 milljónir króna ásamt dráttarvöxtum, gegn því að Brimborg skili lóð við Lækjarmel.

Brimborg fékk úthlutað lóð við Lækjarmel snemma árs 2006 og greiddi þá rúmar 113 milljónir í gatnagerðargjöld. Þann 9. október 2008 sendi fyrirtækið borginni yfirlýsingu um að það vildi skila lóðinni og fá gjöldin endurgreidd. Tæpum tveimur mánuðum síðar samþykkti borgarráð að ekki væri hægt að skila lóðum undir atvinnuhúsnæði nema með sérstakri heimild frá borgarráði. Ekki væri leyfilegt að skila lóðum einhliða. Erindi sem Brimborg sendi í framhaldinu til að fá slíka heimild var hafnað.




**HÆSTIRÉTTUR** Fyrirtækið hafði réttmætar væntingar um að geta skilað lóðinni, að mati héraðsdóms, en Hæstiréttur hefur snúið svipuðum málum.

Í dómi héraðsdóms segir að Brimborg hafi haft réttmætar væntingar til þess að úthlutun lóðarinnar gengi til baka við yfirlýsingu þess efnis, og að gjöldin yrðu endurgreidd í samræmi við fyrri stjórnsýsluframkvæmd. Reykjavíkurborg hafi borið á grundvelli almennra reglna stjórnsýsluréttar að taka tillit til þessara væntinga Brimborgar, en það hafi ekki verið gert. Því beri borginni að endurgreiða gatnagerðargjald gegn skilum á lóðinni. - þeb

**Hæstiréttur hefur sýknað borgina**

Hæstiréttur hefur dæmt Reykjavíkurborg í vil í öðrum lóðarskilamálum, meðal annars í maí síðastliðnum. Í maí voru þrjú mál um lóðarsamninga fyrir réttinum og var dæmt Reykjavíkurborg í vil í þeim öllum. Í öllum málunum var vísað í annað mál frá því í nóvember í fyrra þar sem málatilbúnaði lóðarhafa um einhliða skilarétt, brostnar forsendur og brot á jafnræðisreglu var hafnað.

Flóðin í Kaupmannahöfn:

## Rottur menguðu vatnið

**DANMÖRK** Mikil smithætta er í vatni sem flætt hefur yfir götur Kaupmannahafnar síðustu daga.

Mörg þúsund rottur, dauðar og lifandi, hafa komið upp úr niðurföllum vegna flóðanna þar. Rotturnar bera með sér marga smitsjúkdóma sem hafa líklega mengað vatnið. Því er fólk sem hefur komist í snertingu við vatnið hvatt til þess að leita til læknis finni það fyrir flensueinkennum á næstunni. Jafnframt er fólk hvatt til að vera með viðeigandi hlífðarbúnað þegar þrifið er eftir flóðin. - þeb



**LÍKLEGAST LENGSTA PÚSTRÖR Í HEIMI** Þessi bíll kom að góðum notum á Urðunarstöðinni á Álfsnesi þó ekki hafi hann farið fetið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gamall bíll tengdur við leka gasleiðslu

**Mazda af 91 árgerðinni kom að góðum notum þegar leka varð vart í gaslögn á urðunarstöðinni á Álfsnesi. Bíllinn er líklega með lengsta púströr í heimi.**

**UMHVERFISMÁL** Á urðunarstöðinni á Álfsnesi má finna gamlan bílgarm sem líklegast getur státað af lengsta púströri í heimi. Þannig vill til að púströr bílsins hefur verið lengt og síðan tengt í gaslögn eina sem er um kílómetri að lengd.

Þetta var þó ekki til gamans gert heldur var þetta neyðarúrræði í síðasta mánuði þegar í ljós kom að súrefni komst inn í gaslögn og þar sem hún er neðanjarðar leit úr fyrir að það yrði bæði tímafrekt og kostnaðarsamt að komast að lekanum. Virtist ekkert annað í stöðunni en að grafa yrði lögnina upp með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn. Eins hefði verið hægt að panta rándýrt efni, að sögn Guðmars Guðmundssonar stöðvarstjóra, sem hefði síðan komið þeim á sporið þannig að þeir gætu gengið að lekanum.



**GUÐMAR GUÐMUNDSSON**

En þótt bruðl landans komi sér ágætlega fyrir starfsliðið á Álfsnesi vill það sjálft síst af öllu temja sér slíkt háttalag. Því varð úr að Sorpumenn fengu bíldruslu á svæðið og tengdu púströrið í leiðsluna. „Síðan bjuggum við svo um að hægt var að hella úrgangsolíu ofan í pústið. Þá var bara að þenja vélina og hella síðan úrgangsolíunni ofan í púströrið og hleypa þessu svo í leiðsluna. Þá leið ekki á löngu uns reykur stóð upp úr jörðinni og kom hann náttúrulega úr leiðslunni þar sem bilunin var.“

Bifreiðin er af gerðinni Mazda MS6 árgerð 1991. Guðmar Guðmundsson stöðvarstjóri segir að starfsmenn í Álfsnesi hafi fundið hann í blaðaauglýsingu. „Þetta þótti mikill sportbíll á sínum tíma,“ segir Guðmar. „Hann er örugglega hundfúll yfir örlögum sínum, hann var framleiddur til að pikka upp stúlkur á rúntinum en ekki til að standa hérna á Álfsnesi með pústið út í loftið,“ segir hann og hlær við. jse@frettabladid.is



**STRAUSS-KAHN Í NEW YORK** Ásamt Önnu Sinclair, eiginkonu sinni. NORDICPHOTOS/AFP

Strauss-Kahn ekki sloppinn:

## Einnig kærður í heimalandinu

**FRAKKLAND, AP** Um leið og ákæran gegn Dominique Strauss-Kahn fyrir nauðgunartilraun á hóteli í New York tók að liðast sundur bárust fréttir frá Frakklandi um að hann verði einnig þar kærður fyrir nauðgunartilraun.

Það er franska blaðakonan og rithöfundurinn Tristane Banon sem ætlar í dag að leggja fram kæru á hendur honum fyrir að hafa reynt að nauðga sér þegar hún ætlaði að taka viðtal við hann fyrir nokkrum árum.

Þar með minnka á ný möguleikar Strauss-Kahns til að eiga hugsanlega endurkomu í frönsk stjórnmál. - gb

123 einstaklingum sagt upp:

## Hópuppsagnir í júní voru fjórar

**ATVINNUMÁL** Alls bárust Vinnumálastofnun fjórar tilkynningar um hópuppsagnir í júní. Samtals var sagt upp 123 einstaklingum.

Aðeins er um að ræða hreinar uppsagnir í einu tilviki. Um endurskipulagningu og sölu fyrirtækis úr þrotabúi er annars að ræða. Góðar líkur eru á að starfsmönnum verði boðin endurráðning.

Þrjár uppsagnir eru frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og ná þær til 112 manns og ein frá fyrirtæki á Vestfjörðum, ellefu manns. - shá



**GLÆSILEG HRYGNA** Laxinn tók rauða snældu á Eyrinni í Kistukvísl fyrir neðan Æðarfossa. MYND/ÞORGEIR FRÍMANN ÓÐINSSON

Ævintýri fyrir norðan:

## Landaði risalaxi í Aðaldalnum

**VEIÐI** Guðlaug K. Kristinsdóttir landaði 104 sentimetra hrygnu á Eyrinni á svæði eitt í Laxá í Aðaldal í gær. Laxinn var 49 sentimetrar í ummál og því líklega yfir 25 pundum að þyngd.

Fiskurinn er sá stærsti sem veiðst hefur í Aðaldalnum á þessu sumri. Kenningar eru uppi um að jafnvel sé hér kominn kandídat fyrir metfisk sumarsins.

Því andmælir Orri Vigfússon, leigutaki Laxár, og segir það hafa verið bókað á Laxárfélagsfundi í vetur að 30 punda lax myndi koma á land í sumar. - shá




Lögregla vinnur með fyrstu upplýsingar úr krufningu barns sem lést um helgina:

# Verður yfirheyrð eftir útskrift

**LÖGREGLUMÁL** Móðir sveinbarnsins sem fannst látið um helgina við Hótel Frón í Reykjavík mun dvelja áfram á sjúkrahúsi í dag og jafnvel á morgun. Hún verður yfirheyrð strax eftir útskrift af spítalanum. Eftir skýrslutökur verður hún flutt á Litla-Hraun. Konan hefur verið úrskurðuð í tveggja vikna gæsluvarðhald og gert að sæta geðrannsókn.

Barnið var krufið í gær og er nú verið að vinna úr fyrstu upplýsingum sem fengust við krufninguna. Niðurstöður munu leiða í ljós dánarorsök og dánarstund.

Móðirin, sem er rúmlega tvítug og ættuð frá Litháen, ól barnið á Hótel Fróni, þar sem hún hafði unnið sem herbergisþerna í fjóra mánuði. Hún bjó um barnið í ruslagámi við hótelið þar sem lögreglan fann það eftir ábendingu frá bráðamóttöku Landspítalans þangað sem konan kom stuttu eftir fæðinguna.

Í hegningarlögum segir að ef móðir deyðir barn sitt í fæðingu eða um leið og það er fætt, og ætla má að hún hafi gert það vegna neyðar, ótta um hneisu eða sökum veiklaðs eða ruglaðs hugarástands, sem hún hafi komist í við fæðinguna, þá varði það fangelsi allt að 6 árum.



**RUSLAGÁMURINN VIÐ HÓTEL FRÓN** Barnið fannst látið í gámnum við leit lögreglu á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síðast kom upp mál af þessu tagi hér á landi árið 1992. 26 ára gömul kona fæddi barn og deyddi það strax eftir fæðingu. Líkið fannst í farangursgeymslu bifreiðar hennar. Konan var dæmd í 18 mánaða skilorðsbundið fangelsi þann 23. júní 1993. - jss, sv




*Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 295 kr./mán. **Gildir meðan birgðir endast.

## GENGIÐ 04.07.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,88 | 114,42 |
| Sterlingspund | 183,31 | 184,21 |
| Evra | 165,34 | 166,26 |
| Dönsk króna | 22,162 | 22,292 |
| Norsk króna | 21,292 | 21,418 |
| Sænsk króna | 18,158 | 18,264 |
| Japanskt jen | 1,4106 | 1,4188 |
| SDR | 182,45 | 183,53 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,1547

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rannsóknarnefnd sjóslysa mun skoða tildrög óhapps í Landeyjahöfn:

# Litlu munaði að Herjólfur strandaði

**SAMGÖNGUR** Litlu munaði að Herjólfur strandaði í Landeyjahöfn þann 26. júní síðastliðinn þegar ferjan snerist um 30 gráður og stefndi að varnargarði hafnarinnar. Um 300 farþegar voru um borð þegar atvikið átti sér stað. Það var RÚV sem greindi frá málinu í gær.

Eimskip mun afhenda rannsóknarnefnd sjóslysa upptökur úr höfninni og er þetta í fyrsta sinn sem slíkt er gert, að sögn Ólafs Williams Hand, upplýsingafulltrúa Eimskips.

Jón Arilíus Ingólfsson, forstöðumaður rannsóknarnefndar sjóslysa, segir að málið verði skoðað stig af stigi til þess að kanna hvort ástæða sé til frekari rannsókna. „Reyndar varð hvorki slys né tjón, en það var athyglisvert að þarna var einungis 2,5 metra ölduhæð og það virðist bara vera nóg.“ Að sögn Jóns kom kröftug alda undir skipið sem ýtti því af leið. Snarræði skipstjórans varð til þess að Herjólfur rétti sig af. „Menn verða að vara sig á því að fara ekki af stað þegar svo mikil ölduhæð er í höfninni.“

Samstarfshópur á vegum þeirra sem sjá um samgöngur um höfnina hefur nú verið settur á laggirnar til að meta hvort ástæða sé til að loka Landeyjahöfn næsta vetur, en höfnin var lokuð samfleytt í sautján vikur nú í vetur.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir menn uggandi yfir vetrinum og nokkuð sé síðan að hafin var vinna við að finna annað skip sem siglt gæti í Landeyjahöfn. Það yrði jafnvel gert af nýjum aðilum sem ekki þjónusta höfnina í dag.

Elliði segir að slíku verkefni, sem er ný hugmynd, sé best sinnt af einkaaðilum mögulega með aðkomu sveitarfélagsins. Elliði segir að Eyjamenn mæti skilningi samgönguyfirvalda „en við ferðumst ekki á skilningi þeirra heldur á skipi. Við erum orðin langeyg eftir framtíðarlausn“. **- sv / shá**



**LANDEYJAHÖFN** Rætt hefur verið um að loka Landeyjahöfn næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**MLADIC Í RÉTTARSAL** Tók ekkert mark á dómstólnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Virti dómarana að vettugi:

## Mladic vísað úr réttarsalnum

**HOLLAND, AP** Dómarar stríðsglæpadómstóls á vegum Sameinuðu þjóðanna vísuðu Ratko Mladic, fyrrverandi herforingja Bosníu-Serba, út úr réttarsalnum í gær.

Hann hafði gripið fram í, neitað að lýsa sig sekan eða saklausan og hunsað fyrirmæli réttarins.

Þegar hann var farinn úr salnum skráðu þeir að hann hefði lýst sig saklausan af ákærum um stríðsglæpi, eins og reglur réttarins mæla fyrir um ef sakborningur neitar að bregðast við ákærum. **- gb**

Bíður dóms í Hæstarétti:

## Göngustígshrotti laus

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið látinn laus úr gæsluvarðhaldi, meðan hann bíður dóms í Hæstarétti fyrir líkamsárás. Maðurinn var í héraðsdómi dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir árás á 16 ára gamla stúlku í Laugardal þann 11. október í fyrra. Hann réðst að henni á göngustíg og stórslasaði hana.

Héraðsdómur hafði dæmt manninn í gæsluvarðhald þar til dómur gengi í Hæstarétti, en Hæstiréttur felldi þann úrskurð úr gildi vegna þess að málshraði þótti ekki fullnægjandi. **- jss**

# Framtíð útgerðar á Flateyri að skýrast

**Þrotabússtjóri segist vongóður um að deilan, sem lamað hefur útgerð á Flateyri, leysist innan 15 daga. Heimamenn farnir að huga að vinnu fjarri heimabyggð.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Friðbjörn Garðarsson, þrotabússtjóri Eyrarodda á Flateyri, sem varð gjaldþrota þann 17. janúar síðastliðinn, segist bjartsýnn á að það takist að ganga frá sölu eigna fyrirtækisins innan fimmtán daga.

Útgerð á Flateyri hefur verið lömuð að miklu leyti vegna deilna í kringum söluna en um fjörutíu manns misstu atvinnu sína þegar Eyraroddi varð gjaldþrota.

Deilan stendur milli Lotnu og fyrirtækisins Toppfisks en Lotnumenn telja sig hafa fengið bindandi vilyrði frá Byggðastofnun um kaup á eignunum eftir að þeir gerðu tilboð í fyrsta útboðið sem haldið hefur verið. Byggðastofnun dró vilyrðið til baka og var haldið annað uppboð og eftir það hófust samningaviðræður við Toppfisk.



**FRIÐBJÖRN GARÐARSSON**

„Ég hef sagt öllum þeim sem að málum koma að ég sé að fara í sumarfrí 20. júlí og ég hef einsett mér að málið verði frágengið þá. Ég er bjartsýnn á að það takist,“ segir Friðbjörn.

Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, segir það hryggilegt hversu lengi hafi dregist að finna lausn á þessu máli. „Við verðum bara að trúa því að þeir sem véla um okkar mál séu tilbúnir til að klára þetta,“ segir hann.



**FRÁ LÖNDUN Á FLATEYRI** Ef áform þrotabússtjóra Eyrarodda ganga eftir verður þess ekki langt að bíða að líf færist í útgerð að nýju á Flateyri. MYND/RÓBERT

„Það er alveg hræðilegt að hugsa til þess hvernig menn halda heilu samfélagi í slíkri óvissu svo lengi, það er bara óviðunandi. Þeir eru með fjöregg þorpsins í heljargreipum, segir Eiríkur Finnur, sem býr á Flateyri. Hann segist hafa orðið var við það að margir séu farnir að leita að vinnu fjarri heimabyggð.

Friðbjörn segir að þetta ferli hafi alls ekki tekið langan tíma. „Þrotabússkipti á eignalausu búi taka yfirleitt fjóra til fimm mánuði svo þessu væri ekki lokið, jafnvel þótt allt hefði gengið eins og í sögu. En svo er rétt að það skapaðist flækja sem tefur málið.“ Hann segist hafa skilning á því að Flateyringar séu orðnir langeygir eftir því að málið leysist. „Það var nú einmitt þess vegna sem ég leyfði fyrirtækinu Lotnu að fara vestur og hefja starfsemi áður en samningar hafa orðið gildandi.“ Um tuttugu manns starfa nú hjá Lotnu á Flateyri. **jse@frettabladid.is**

Leysa eðlisfræðiþrautir:

## Fimm keppa á Ólympíuleikum

**SKÓLAMÁL** Fimm íslenskir framhaldsskólanemar halda til Taílands í lok vikunnar þar sem þeir munu keppa á Ólympíuleikunum í eðlisfræði, sem nú verða haldnir í 42. sinn. Leikarnir eru alþjóðleg keppni framhaldsskólanema en í ár taka þátt lið frá 86 löndum.

Keppendurnir eru þeir Arnór Hákonarson, Atli Þór Sveinbjarnarson og Konráð Þór Þorsteinsson úr Menntaskólanum í Reykjavík og Magnús Pálsson og Sigtryggur Hauksson úr Menntaskólanum við Hamrahlíð. Atli lauk þriðja ári menntaskóla í vor en hinir hafa nýlokið stúdentsprófi. Tveir eðlisfræðingar, þeir Martin Swift og Viðar Ágústsson, eru fararstjórar liðsins.

Ísland hefur sent nemendur á Ólympíuleikana í eðlisfræði á hverju sumri í tuttugu og sjö ár, auk þess sem leikarnir voru haldnir hér á landi fyrir þrettán árum.

Datt í fjalli á Barðaströnd:

## Þyrlan sótti slasaða konu

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti erlenda konu á Barðaströnd um átta í gærkvöldi. Konan hafið dottið í fjalllendi við Vatnsdalsvatn og treysti sér ekki til byggða, að sögn Landsbjargar.

Ákveðið var að fá þyrluna til að sækja konuna, enda erfitt að komast að slysstaðnum. Konan gat gefið nákvæma lýsingu á staðsetningu sinni og gekk greiðlega að finna hana.

Hún var flutt á Landspítalann í Fossvogi en var ekki mjög alvarlega slösuð. Björgunarsveitir frá Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal tóku þátt í björguninni. **- þeb**


HÓPKAUP.IS Í DAG

3ja rétta matseðill á Fjörunni veitingahúsi

3.300 kr.

GILDIR Í 24 TÍMA

Verð 8.250 kr | Afsláttur 60% | Afsláttur í kr. 4.950 kr.

30 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Humarsúpa með grilluðum humri, lambaskanki með meðlæti og heit eplakaka með ís og rjóma.

www.fjorukrain.is

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

**AÐ ÞORNA** Einhver væta áfram S-og SA-til í dag en styttir upp til morguns. Að mestu þurrt á fimmtudag og bjart N- og V-til. Vindur fremur hægur næstu daga þó eitthvað hvassara við SA-ströndina í dag.




Á MORGUN
víða 3-8 m/s, hvassast við SA-ströndina

FIMMTUDAGUR
víða 3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 24° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 22° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 30° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 23° |
| París | 27° |
| San Francisco | 26° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



**Endurgreiðsluleikur Orkunnar í júlí**

# Endurgreiðsla

## eða

# 100.000 kr.

Í endurgreiðsluleik Orkunnar fær einn viðskiptavinur á dag í júlí **áfyllingu sína endurgreidda** og 3 viðskiptavinir fá **100.000 kr. inneignarkort** í lok mánaðar.

**Beint í vasann aftur: Ka-tsjing!**




Handhafar Orkulykils, Orku- og Afsláttar-korts, Orkufrelsis og Staðgreiðslukorts Skeljungs eru sjálfkrafa með!

Dregið verður á föstudögum úr öllum áfyllingum vikunnar og fá 7 viðskiptavinir áfyllingu sína endurgreidda. Endurgreiðslan er í formi inneignarkorts með sömu upphæð og dælt var fyrir.

Allir viðskiptavinir með Orkulykil, Orkukort, Afsláttarkort, Orkufrelsi eða Staðgreiðslukort Skeljungs geta vænst þess að fá áfyllingu sína endurgreidda, hvort sem þeir hafa tekið eldsneyti á bensínstöðvum Orkunnar eða Shell. Óþarfi er að skrá sig sérstaklega til leiks.

Fylgstu með á Orkan.is og á Facebook.

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM47366

**KJÖRKASSINN**




*Hefur þú orðið fyrir umferðaróhappi á einbreiðri brú?*

| | |
|---|---|
| Já | 6,4% |
| Nei | 83,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Sækir þú skipulagða bæjarhátíð á þessu sumri?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Ung stúlka með fíkniefni:

## Sex mál til barnaverndar

**LÖGREGLUMÁL** Sex mál komu upp á Írskum dögum á Akranesi um nýliðna helgi sem leiddu til tilkynningar til barnaverndaryfirvalda þar sem um var að ræða ungmenni undir 18 ára aldri.

Eitt málanna varðaði líkamsárás og voru tveir 17 ára piltar handteknir grunaðir um að hafa ráðist á og slasað tvo einstaklinga. Í öðru máli var ung stúlka tekin með fíkniefni.

Þrjár líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglu. Margar tilkynningar bárust um fólk sem hafði lognast út af hér og þar eftir erfiði skemmtanalífsins og var því fólki komið á réttan kjöl og á stefnu í rúmið, að sögn lögreglu. - jss

Notkun á metangasi:

## Fjöldi metanbíla tvöfaldast

**ORKUMÁL Fjöldi bíla sem ganga fyrir metangasi er kominn upp í 555, samkvæmt tölum frá Umferðarstofu. Að sögn Sverris Viðars Haukssonar, formanns verkefnisstjórnar Grænu orkunnar, hefur þessi fjöldi tvöfaldast á síðustu átján mánuðum.**



SVERRIR VIÐAR HAUKSSON

**Á meðal þessara bíla eru 229 með aukabúnað sem bætt hefur verið við bílinn hér á landi. Að sögn Vilhjálms Einarssonar, framkvæmdastjóra Metans, fer áhuginn fyrir metangasi sívaxandi og bendir hann þar á meðal á skoðanakönnun sem Capacent gerði nýlega en þar kemur fram að 85 prósent landsmanna séu áhugasamir um metangas.** - jse

Þingmaður kallar svör forstjóra Isavia við fyrirspurn sinni „Svör í skötulíki“:

# Vitnuðu í siðareglur sem eru ekki til

**FERÐAÞJÓNUSTA** Isavia hefur ekki sett sér siðareglur er varða birtingar auglýsinga í Leifsstöð, heldur er stuðst við siðareglur Sambands íslenskra auglýsingastofa. Þetta kemur fram í svari Björns Óla Haukssonar, forstjóra Isavia, við fyrirspurn Marðar Árnasonar þingmanns um auglýsingar dýraverndunarsamtakanna International Fund of Animal Welfare (IFAW).



BJÖRN ÓLI HAUKSSON



MÖRÐUR ÁRNASON

Auglýsingar IFAW voru fjarlægðar úr Leifsstöð í síðustu viku og ástæðan sögð sú að þær væru taldar stangast á við siðareglur Isavia um auglýsingar. Isavia neitaði þó að sýna Fréttablaðinu siðareglurnar og gat hvorki sagt til um hvenær þær voru gerðar né hvaða tiltekna atriði í reglunum auglýsingarnar voru taldar stangast á við.

Mörður segir á vefsvæði sínu á Eyjunni að hann gefi lítið fyrir svör Björns og kallar þau „svör í skötulíki.“ Mörður hafði óskað eftir upplýsingum um umræddar siðareglur Isavia og spyr nú í framhaldinu hvaða siðareglur SÍA það séu nákvæmlega sem auglýsingarnar voru taldar stangast á við.

Þá segir í svari Björns að þetta sé í fyrsta sinn sem Isavia fjarlægi auglýsingar eftir að þær eru komnar upp. Fyrirtækið hafi þó neitað aðilum um auglýsingapláss áður, svo sem nektarstöðum. - sv

Ráðist tvívegis á sama mann:

## Barinn í höfuð með trékylfu

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár líkamsárásir voru kærðar til lögreglu í Vestmannaeyjum eftir skemmtanahald helgarinnar.

Ráðist var á mann með trékylfu á veitingastaðnum Prófastinum og fékk fórnarlambið skurð á augabrún. Sami maður varð síðan aftur fyrir líkamsárás í framhaldi af fyrri árásinni þegar hann leitaði sér aðstoðar í eldhúsi skemmtistaðarins. Maðurinn leitaði sér aðstoðar á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja þar sem gert var að sárum hans. - jss

# Bannað eiturefni í flugeldum

**Flugeldar sem hingað eru keyptir innihalda eitur sem bannað hefur verið um árabil. Stærsti innflytjandi flugelda hér hefur þegar lokið innkaupum fyrir næstu áramót. Umhverfisstofnun hyggur á sérstakt átak.**

**UMHVERFISMÁL** Efnagreiningar Umhverfisstofnunar sýna að flugeldar sem seldir eru hér á landi innihalda þrávirka eiturefnið hexaklórbensen (HCB). Efnið hefur verið bannað um langt skeið vegna alvarlegra áhrifa þess á umhverfið og heilsu manna.

Við mælingar á efnainnihaldi flugelda á vegum yfirvalda í Danmörku á síðastliðnu ári kom í ljós að hluti þeirra innihélt HCB. Í framhaldi af þessum fregnum ákvað Umhverfisstofnun að mæla efnið í andrúmslofti í Reykjavík yfir síðustu áramót. HCB mældist umtalsvert yfir því bakgrunnsgildi sem miðað er við, en þó er talið að magnið hafi ekki haft teljandi áhrif á heilsu fólks.



UM ÁRAMÓTIN HCB er notað til að skýra liti í flugeldum. Notkun efnisins hefur verið á undanhaldi, segir innflytjandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Umhverfisstofnun hefur ákveðið, í samvinnu við nokkrar heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, að standa fyrir sýnatökum og mælingum á innihaldi flugelda sem fluttir verða til landsins á næstu mánuðum fram að áramótum.

Það er á ábyrgð innflytjenda að tryggja að flugeldar innihaldi ekki efni sem eru bönnuð, og mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að þeir flytji aðeins inn löglega flugelda og fái staðfestingu frá framleiðanda um að flugeldarnir innihaldi ekki HCB, sé þess nokkur kostur.

Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Landsbjargar, en björgunarsveitirnar eru langstærsti innflytjandi flugelda hér á landi, segir alla flugelda sem Landsbjörg flytur inn sérmerkta eftir stöðlum sem notaðir eru í Evrópu. Flugeldarnir komi að langmestum hluta frá þekktum framleiðanda í Kína sem sé kunnugt um reglur um óæskileg efni eins og HCB.

Kristinn segir að flugeldabirgðir fyrir næstu áramót hafi verið keyptar í janúar. Hann segir að björgunarsveitirnar séu í „mjög vondum málum“ ef endurskoða þurfi þau kaup. „Ég vona að yfirvöld sýni þessu skilning. Við töldum að þetta væri ekki í þeirri vöru sem við flytjum inn, en við tökum þetta mjög alvarlega.“

> Við töldum að þetta væri ekki í þeirri vöru sem við flytjum inn, en við tökum þetta mjög alvarlega.
>
> **KRISTINN ÓLAFSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSBJARGAR

Umhverfisstofnun mun kanna hvort slík efni sé að finna í flugeldum hérlendis og einnig koma upplýsingum til birgja um hvernig megi ganga úr skugga um að hættuleg efni sé ekki að finna í flugeldum. Stofnunin hefur gefið út að komi í ljós að flugeldar innihaldi HCB munu eftirlitsaðilar sjá til þess að þeir flugeldar fari ekki í sölu. svavar@frettabladid.is

### Hexaklórbensen, notkun löngu bönnuð

HCB er þrávirkt efni sem safnast upp í umhverfinu og í lífverum. Það brotnar niður á afar löngum tíma og getur í millitíðinni borist langar leiðir í lofti, vötnum eða sjó og hefur efnið mælst í umhverfinu fjarri mögulegum uppsprettum. HCB er talið geta valdið alvarlegum heilsuskaða eins og krabbameini og skaðað starfsemi lifrar og nýrna svo eitthvað sé nefnt.

Hexaklórbensen var áður fyrr notað sem varnarefni og í ýmis konar iðnaði en nánast öll notkun þess hefur nú verið bönnuð með alþjóðlegum aðgerðum á borð við Stokkhólmssamninginn um bann við framleiðslu, notkun og losun þrávirkra lífrænna efna.

Styrkur HCB í andrúmslofti mældist 2,7 ng/m3 um áramótin í Reykjavík. Bakgrunnsstyrkur efnisins hér á landi er talinn vera 0,003 ng/m3, samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands frá Stórhöfða í Vestmanneyjum.



Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

Betra Bak kynnir!

# TEMPUR® CLOUD

## – heilsudýnan sem hefur slegið öll met hjá Tempur® –

dýnan sem
styður svo
vel við þig
að þér
finnst
þú



svífa
í svefni

## 20% kynningarafsláttur í júlí

AÐEINS FRÁ TEMPUR®
VIÐURKENNT TEMPUR EFNI™



## Mest selda TEMPUR heilsudýna í heimi*

TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig réttan stuðning við allan líkamann og hámarksþægindi.

Cloud heilsudýnan *frá* Tempur mun hjálpa líkamanum að finna þægilegustu svefnstöðu og hámarkshvíld.

Komdu í dag og upplifðu Tempur® Cloud.
Gerðu kröfur - Tempur stenst þær !

TEMPUR WARRANTY 15 – 15 YEARS LIMITED WARRANTY – MATTRESSES

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY
EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

### Frábært verð!

Cloud heilsudýnan
fæst í öllum stærðum.

Verðdæmi: 160x200 cm
Kr. 217.600,- með kynningarafsætti

Farðu inn á betrabak.is hér

* Cloud dýnan hefur slegið öll met hjá Tempur á heimsvísu!

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Dæmdir til að greiða 700 þúsund í skaðabætur:

# Öngþveiti í heimahúsi

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugir tvíburar hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir líkamsárás. Annar þeirra var dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af níu á skilorði. Hinn tvíburinn var dæmdur í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi. Þeir voru dæmdir til að greiða fórnarlambinu tæpar 700 þúsund krónur í skaðabætur.

Árásin átti sér stað í samkvæmi í íbúð á Ísafirði í apríl 2010, þar sem meðal annarra var kærustupar, svo og tvíburarnir. Annar þeirra hafði verið með stúlkunni áður en hún fór í yfirstandandi samband. Hann viðhafði ljót orð um hana og setti þá bróðir kærasta hennar, sem einnig var staddur í partíinu, í hann fótinn. Þar með upphófust hópslagsmál milli tvíburanna og annarra, þar sem bróðir kærastans var illa leikinn.

Vitni sem lýstu látunum fyrir dómi sögðu að öngþveiti hefði ríkt í íbúðinni og að allt hefði „... verið í blóði og allt í volli“.

Bróðir kærastans hlaut alvarlega áverka þegar annar tvíburinn sló hann með brotinni bjórflösku, meðal annars marga stóra gapandi og tætta skurði í andliti. **- jss**



**LEIÐTOGARNIR FIMM** Yingluck Shinawatra fyrir miðju ásamt leiðtogum fjögurra annarra flokka, sem ætla að mynda með henni ríkisstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Herinn lofar að láta nýja stjórn í friði

**Sigurvegari kosninganna í Taílandi, Yingluck Shinawatra, vonast til að skapa sátt um nýja stjórn. Stuðningsöfl bróður hennar, Thaksins Shinawatra, eru komin til valda á ný eftir mótmælaólgu síðustu ára.**

**TAÍLAND** Yingluck Shinawatra, leiðtogi sigurflokksins eftir þingkosningarnar í Taílandi um helgina, skýrði í gær frá samkomulagi fimm flokka um að mynda stjórn.

Flokkur hennar, Pheu Thai flokkurinn, hlaut 265 þingsæti af 500 og hefur því meirihluta á þingi. Yingluck ákvað engu að síður að leita til leiðtoga fjögurra annarra flokka um liðsinni til að styrkja þingmeirihluta nýju stjórnarinnar. Samtals eru flokkarnir fimm með 299 þingmenn.

Hún segir að mikilvægasta verkefni nýju stjórnarinnar verði að koma á sátt meðal þjóðarinnar. Meðal annars verði það gert með því að efla gegnsæi í stjórnsýslunni og berjast gegn spillingu.

Yingluck er systir Thaksins Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra, sem her landsins steypti af stóli árið 2006 eftir víðtæk mótmæli gegn stjórn hans.

Pheu Thai flokkurinn er sömuleiðis arftaki flokks Thaksins, þannig að nú eru komin til valda á ný þau öfl sem studdu Thaksin á sínum tíma en hafa staðið fyrir viðamiklum mótmælum undanfarin ár gegn Abhisit Vejjajiva, fráfarandi forsætisráðherra.

Thaksin, sem er í sjálfskipaðri útlegð í Dúbaí, fagnaði úrslitum kosninganna: „Taílenska þjóðin hefur talað. Hún sagði heiminum og landinu öllu að síðustu fimm árin hefur ekkert miðað í landinu.“

Mótmælin gegn Thaksin og arftökum hans undanfarin ár beindust að spillingarmálum tengdum honum og fjölskyldu hans, en komu einkum frá valdakjarnanum sem hafði farið með völdin í landinu nánast óslitið áður en Thaksin komst fyrst til valda.

Mótmælin gegn Vejjajiva hafa hins vegar beinst að því að hann hafi ekki raunverulegt lýðræðislegt umboð heldur hafi komist til valda í skjóli hersins, sem steypti Thaksin af stóli árið 2006.

Prawit Wongsuwon, herforingi og varnarmálaráðherra í fráfarandi stjórn, segir að herinn muni ekki efna til valdaráns heldur sætta sig við niðurstöðu þingkosninganna.

„Ég hef sagt þetta nokkrum sinnum,“ sagði Prawit. „Við ætlum ekki að grípa inn í.“

gudsteinn@frettabladid.is

## Mótmælaólga og tíð stjórnarskipti

**2006** Hörð og fjölmenn mótmæli gegn Thaksin Shinawatra forsætisráðherra verða til þess að hann efnir til kosninga um vorið. Stjórnarandstaðan mætir ekki og kosningarnar eru síðar ógiltar. Aukin harka færist í mótmælin og um haustið tekur herinn völd í landinu. Sarayud Chulanont herforingi verður bráðabirgðaforsætisráðherra herforingjastjórnarinnar.

**2007** Stjórnmálaflokkur Thaksins, Thai Rak Thai, er bannaður. Herinn færir þjóðinni nýja stjórnarskrá, sem er samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þingkosningar eru haldnar í desember. Sigurvegari er Þjóðvaldsflokkurinn, sem er arftaki hins bannaða flokks Thaksins.

**2008** Samak Sundaravej, leiðtogi Þjóðvaldsflokksins, verður forsætisráðherra í febrúar en mótmæli halda áfram. Stjórnlagadómstóll víkur honum úr embætti í september. Somchai Wongsawat tekur við forsætisráðherraembættinu en mótmælin halda áfram. Somchai segir af sér í desember. Abhisit Vejjajiva, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, myndar ríkisstjórn sem var við völd í tvö og hálft ár.














# SUMARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**



**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# SUMARDAGAR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## VEISTU SVARIÐ?




**1.** *Hvaða stórstjarna tónlistarheimsins sótti landið heim um helgina og gistir á Hótel Borg?*

**2.** *Stjórnendur hvaða fyrirtækis hafa samþykkt að endurgreiða bónus sem þeir fengu árið 2009 þrátt fyrir taprekstur?*

**3.** *Hvað eru margar einbreiðar brýr á hringveginum.*

**SVÖRIN**

*1. Jon Bon Jovi. 2. Stjórnendur Exista. 3. Fjörutíu og tvær.*

Í skuldakreppu hefur hækkun stýrivaxta öfug áhrif á þróun verðbólgunnar:

# Hærri vextir magna kreppuna

**EFNAHAGSMÁL** Hækkun vaxta myndi magna skuldakreppu fyrirtækja og heimila, valda auknum fjölda gjaldþrota og meiri óróa á vinnumarkaði. Þetta segir í grein sem Gylfi Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands og nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands, ritar í nýjasta hefti efnahagsritsins Vísbendingar.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans við vaxtaákvörðun um miðjan mánuðinn, þegar vöxtum var haldið óbreyttum, kom hins vegar fram að vegna aukins verðbólguþrýstings væri hækkun vaxta líklegri en lækkun á næstunni. Þetta var ítrekað í greinargerð Seðlabankans til ríkisstjórnarinnar í byrjun mánaðarins.


GYLFI ZOEGA

Í grein sinni bendir Gylfi hins vegar á að kreppan hér stafi ekki af of lítilli eftirspurn og verðbólga ekki af of mikilli eftirspurn.

„Verðbólgan er að miklu leyti innflutt, stafar af hækkun á hrávöru á heimsmarkaði,“ segir hann og kveður við að eiga skuldakreppu sem lami fjárfestingar og mannaráðningar fyrirtækja og rýri lífskjör heimila.

Við þær aðstæður geti vaxtahækkun aukið skuldabyrði og haft svipuð áhrif og hækkað verð hrávöru, fyrirtæki beini kostnaði út í verðlag og verkalýðshreyfingin verjist af enn meiri hörku. „Friður á vinnumarkaði við hærri vexti krefst meira atvinnuleysis,“ segir Gylfi. **- óká**

Rannsaka fisk í Kyrrahafi:

# Tæp tíu prósent borða plast

**NÁTTÚRA** Um tíundi hver fiskur í Norður-Kyrrahafi er með plast í meltingarveginum. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar sem greint er frá á vef Science Daily.

Rannsakaðar voru 27 fiskttegundir í Norður-Kyrrahafi. Miðað við niðurstöðurnar er talið að fiskurinn á svæðinu éti á milli 12.000 til 24.000 tonn af plasti á ári.

Rannsakendur segja að sennilega sýni niðurstöðurnar minna hlutfall fiska en það er í raun, þar sem margir þeirra drepist vegna plastsins. **- sv**

Brugðist við tilmælum ESA:

# Fæðingarorlofi og orlofi breytt

**STJÓRNSÝSLA** Lögum um fæðingarorlof verður breytt í haust, en frumvarp þess efnis var lagt fram í vor. Hið sama gildir um lög um orlof. Þetta er gert til að bregðast við athugasemdum frá ESA, eftirlitsstofnun EES.

Stofnunin gerði athugasemd við það að í íslensku lögunum er þess krafist að foreldri hafi verið á íslenskum vinnumarkaði í að minnsta kosti einn mánuð til að hægt sé að leggja við þann tíma starfstíma í öðru aðildarríki EES-svæðisins. Eftir breytingu mun Vinnumálastofnun meta hvert tilvik fyrir sig. Þá verður orlofslögum breytt þannig að rýmri tími gefist til að taka orlof út, sé það flutt á milli ára. **- kóp**

**STJÓRNMÁL**

### Býður sig fram til formanns

Davíð Þorláksson lögmaður gefur kost á sér sem formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna á sambandsþingi sem fram fer í ágúst. Núverandi formaður, Ólafur Örn Nielsen, gefur ekki kost á sér til endurkjörs.

Leif Magnús Grétarsson Thisland er kominn heim til Eyja og líkar vel:

# Gott að hitta gamla skólafélaga

**FÓLK** „Honum líkar vel og er alsæll. Hann er búinn að hitta gamla bekkjarfélaga og leikur sér við þá. Þetta gengur bara ofsalega vel,“ segir Óskar P. Friðriksson, afi Leifs Magnúsar, átta ára drengs í Vestmannaeyjum.

Leif Magnús fluttist til Íslands frá Noregi í lok júní. Móðir hans var myrt á hrottafenginn hátt af kærasta sínum í bænum Mandal í Noregi í vor og í kjölfarið fór faðir drengsins, Grétar Óskarsson, fram á forræði yfir honum. Fjölskylda Leifs Magnúsar í Vestmannaeyjum ferðaðist svo saman til Noregs til þess að ganga frá formsatriðum við barnaverndaryfirvöld. Vinir og ættingjar Leifs Magnúsar fylgdu honum til Íslands í síðasta mánuði og dvöldu hér í viku.

Óskar segir hópinn hafa unað sér vel á Íslandi.

„Þau hefðu þurft að vera í tvær vikur, ein var bara ekki nóg,“ segir hann. „En drengurinn er búinn að koma sér vel fyrir í sínu gamla herbergi og byrjar í skólanum í haust með sínum gömlu félögum. Hér er hann bara á sínum stað.“ **- sv**


**VINIR SAMAN VIÐ SKÓGAFOSS** Björnar Nilsen, Leif Magnús og Brynjólfur Brynjólfsson við Skógafoss í lok júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON


**STRAUMSVÍK** Málmar voru verðmætasta framleiðsluvaran árið 2010.

Meira selt 2010 en 2009:

# Mest verðmæti í málmunum

**EFNAHAGSMÁL Málmar voru verðmætasta framleiðsluvaran hér á landi árið 2010, en verðmæti þeirra nam 37,1 prósenti af heildarverðmæti framleiðsluvara það ár. Fiskafurðir komu næstar, en verðmæti þeirra nam 32,5 prósentum af heildarverðmætinu.**

**Verðmæti seldra framleiðsluvara 2010 nam alls 666 milljörðum króna. Þetta er aukning um tæpa 92 milljarða króna. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluvara um 11,7 prósent. Verðmæti seldra framleiðsluvara hefur því hækkað að raungildi um 4,3 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. - kóp**


Betri þjónusta í Vörðunni

Varðan er vildarþjónusta fyrir viðskiptavini Landsbankans.

Markmið þjónustunnar er að veita yfirsýn yfir fjármálin,

persónulega þjónustu og fríðindi fyrir heildarviðskipti.



Stöðva skip á leið til Gasa:

## Birgitta hittir frelsisflotann

**MANNÚÐARMÁL** **Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, heimsótti um helgina bandaríska skipið Dirfska vonarinnar (e. Audacitiy of Hope) þar sem það var bundið við bryggju í Aþenu. Stjórnendur skipsins hyggja á siglingu til Gasa til að rjúfa hafnbann það sem Ísrael hefur viðhaldið í rúm fimm ár.**



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

**Skipinu var snúið við af gríska hernum um helgina með vopnavaldi. Birgitta segir á heimasíðu sinni að það hafi gefið henni mikið að heimsækja skipið og hitta það hugrakka fólk sem þar er. Skemmst er að minnast svipaðrar farar í maí 2010 sem endaði með árás ísraelskra sérsveitarmanna. Að minnsta kosti tíu mótmælendur létu lífið í þeim aðgerðum.**

**Birgitta gaf út yfirlýsingu í gær þar sem hún hvetur aðra kjörna fulltrúa til að styðja för skipanna nú. Árásir Ísraela á Gasa megi ekki falla í gleymskunnar dá.** - kóp

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Skothvellir á Stokkseyri

Ölvaður maður var handtekinn á Stokkseyri í gærkvöld eftir að skothvellir heyrðust frá húsi hans. Lögregla rannsakar málið.

KÓLUMBÍA

### Skæruliðaforingi slapp

Leiðtogi skæruliðahreyfingarinnar FARC, Alfonso Cano, í Kólumbíu slapp í fyrradag úr klóm stjórnarhersins. Þetta kom fram í yfirlýsingu forseta landsins en yfirvöld í landinu hafa í áraraðir barist við skæruliðana.

# Stofnunum hefur fækkað um fimmtán prósent

**Ríkisstofnunum og ráðuneytum hefur fækkað um 30 frá ársbyrjun 2010. Áformað að fækka stofnunum um 60 til 80 til ársloka 2012. Frumvarp um nýtt atvinnuvegaráðuneyti í smíðum en ekki er eining um það.**

**STJÓRNSÝSLA** Alls hefur ríkisstofnunum og ráðuneytum fækkað um 30 síðan í ársbyrjun 2010, eða um 15 prósent. Þetta er samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar um að fækka stofnunum um 60-80 til ársloka 2012. Alls voru stofnanir ríkisins 200 og því gert ráð fyrir fækkun um 30 til 40 prósent.

Fyrir Alþingi liggja fjögur frumvörp innanríkisráðherra sem gera ráð fyrir að stofnunum ráðuneytisins fækki um tíu.

Hrannar B. Arnarson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir sameiningar stofnana komnar vel á veg. Í einhverjum efnum séu þær á undan áætlun, til að mynda hafi ekki verið gert ráð fyrir innanríkisráðuneyti á þessu kjörtímabili.

Stefnt er að frumvarpi um nýtt atvinnuvegaráðuneyti á kjörtímabilinu, en óljóst er hvenær það verður lagt fram. Ljóst er að Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, er andvígur frumvarpinu. Hann hefur þó látið hafa eftir sér að stuðningur hans við ríkisstjórnina velti ekki á því.

kolbeinn@frettabladid.is



**RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS** Ráðuneytum fækkaði um tvö í fyrra og fyrirhuguð er fækkun um eitt í viðbót með stofnun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Væntanlegar breytingar

**Stjórnarráð**
Fækkun ráðuneyta um eitt. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti verða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

**Innanríkisráðuneyti**
Stofnunum fækkað um tíu. Rannsóknarstofnun sjóslysa, umferðarslysa og flugslysa sameinaðar í eina. Umferðarstofa, flugmálastjórn og stjórnsýsluhluti Vegagerðar og Siglingamálastofnunar sameinuð. Framkvæmda- og rekstrarverkefni Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar sameinuð.

## Þegar orðnar breytingar

**Stjórnarráð**
Ráðuneytum fækkað um tvö. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sameinað í innanríkisráðuneyti. Heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti sameinað í velferðarráðuneyti.

**Fjármálaráðuneytið**
Stofnunum fækkað um sjö. Skattstofum fækkað úr níu í eina. Bankasýsla ríkisins stofnuð.

**Innanríkisráðuneytið**
Stofnunum fækkað um eina. Flugstoðir ohf. og Keflavíkurflugvöllur ohf. sameinuð í ISAVIA ohf.

**Velferðarráðuneytið**
Stofnunum fækkað um 18. Landlæknir og Lýðheilsustöð sameinuð undir nafni Landlæknisembættisins. Átta heilbrigðisstofnanir á Vesturlandi sameinaðar. Tvær heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar. St. Jósepsspítali sameinaður Landspítalanum. Átta svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra lagðar niður.

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið**
Stofnunum fækkað um eina. Hagþjónusta landbúnaðarins lögð niður.

**Utanríkisráðuneytið**
Stofnunum fækkað um eina. Varnarmálastofnun lögð niður.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## Kostir þess að vera í Vörðunni

Landsbankinn vinnur stöðugt að því að styrkja tengslin við viðskiptavini sína. Varðan gegnir þar lykilhlutverki. Árlega. Þannig færð þú *góða yfirsýn* yfir alla þá þætti sem mynda grunninn að fjármálum heimilisins. færð fríðindi í formi Aukakróna Landsbankans, Vildarpunkta VISA og Icelandair eða ferðaávísunar MasterCard.

**Þinn eigin tengiliður**

Öllum Vörðufélögum stendur til boða persónulegur tengiliður í sínu útibúi sem tryggir gott og skilvirkt samband.

**Vörðuráðgjöf**

Saman setjum við upp stöðumat til að meta heildarstöðu fjármála heimilisins og setjum fjárhagsleg markmið sem hægt er að endurskoða




Í Vörðuráðgjöfinni eru kynntar hagstæðar leiðir til að greiða niður lán.

**Fríðindasöfnun**

Vörðufélagar safna fríðindum fyrir virk viðskipti og valda þjónustuþætti. Þú getur valið hvort þú

**Betri kjör**

Í Vörðunni nýtur þú hagstæðari kjara í bankanum, lántökugjöld eru lægri og við kaup í ákveðnum sjóðum borgar þú lægri þóknun. Félagar hafa rýmri yfirdráttarheimild og árgjald gulldebetkorts er fellt niður. Sem heildstæð þjónusta fyrir fjármál heimilisins felur Varðan einnig í sér betri kjör á tryggingum hjá Verði og sérstök tilboð frá samstarfsaðilum til félaga.

**Kynntu þér** Vörðuna eða pantaðu Vörðuráðgjöf á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hreppapólitík á ekki að ráða fyrirkomulagi á rannsókn kynferðisbrota.

## Hagsmunir fórnarlambanna

Tillaga Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu, um að skoðað verði hvort ástæða sé til að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu verði látin sjá um að rannsaka alvarleg kynferðisbrot um allt land, hefur vakið hörð viðbrögð hjá lögreglumönnum víða á landsbyggðinni.

Bragi lagði þetta til eftir að í ljós kom að maður í Vestmannaeyjum, sem nauðgaði barni og tók myndir af verknaðinum, gekk laus í marga mánuði eftir að hin óhugnanlegu sönnunargögn komu fram. Langan tíma tók að rannsaka málið til fulls og Bragi hefur áhyggjur af því að rannsóknartími kynferðisbrota gegn börnum sé almennt langur. Hann sagði í helgarblaði Fréttablaðsins að óumdeilt væri að vegna stærðar sinnar byggi kynferðisbrotadeild LRH yfir mestri reynslu. Bragi benti jafnframt á að forðast mætti þá miklu nálægð rannsakenda og sakborninga sem oft er í smærri byggðarlögum.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Viðbrögð lögregluembættanna úti á landi eru meðal annars að forstjóri Barnaverndarstofu viti ekkert um hvað hann er að tala. „Svona sleggjudómar, að ekki sé hægt að rannsaka neitt nema í Reykjavík, eru algjörlega tilhæfulausir og ég er mjög ósáttur við þá. Það fer eftir reynslu mannanna, ekki búsetu þeirra,“ sagði sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum í helgarblaðinu.

Rétt er að það er ekki sízt reynslan sem ræður um hæfni lögreglumanna í rannsóknum, en framhjá því verður heldur ekki horft að vegna stærðar sinnar og fjölda brota í umdæminu býr lögreglan á höfuðborgarsvæðinu yfir langmestri reynslu í þessum málaflokki og er eina lögregluembættið með sérstaka kynferðisbrotadeild og þá sérhæfingu og sérþekkingu sem því fylgir.

Ekki má gleyma að forstjóri Barnaverndarstofu er líka með áratugareynslu af málaflokknum og ætti að vita um hvað hann er að tala. Málið sem kveikti þessa umræðu er ekki einsdæmi. Þannig ónýttist mál gegn meintum barnaníðingi í Vestmannaeyjum fyrir dómstólum fyrr á árinu vegna þess að lögreglan þar í bæ lét undir höfuð leggjast að senda fórnarlambið strax til skýrslutöku í Barnahúsi eins og á þó að vera vinnuregla.

Fyrir tæpum áratug gerði embætti ríkissaksóknara úttekt á meðferð lögreglu og ákæruvalds á nauðgunarmálum. Athugasemdir þær sem þar voru settar fram um óhóflegan drátt á rannsókn, slælega eða enga vettvangsrannsókn, lélega yfirheyrslutækni og litla eftirfylgni, sneru fyrst og fremst að smærri lögregluumdæmum. Lögreglan í Reykjavík, eins og embættið hét þá, fékk hins vegar hrós fyrir að standa vel að málum. Síðan hafa margvíslegar umbætur verið gerðar á rannsókn þessara mála og meðal annars orðið til stærri og öflugri rannsóknardeildir á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu hefur stærsta skrefið hins vegar verið tekið með stofnun sérstakrar kynferðisbrotadeildar.

Full ástæða er því til að skoða tillögu Braga Guðbrandssonar og meta hvort breyta eigi fyrirkomulagi á rannsókn kynferðisbrota. Í þessu efni á hreppapólitík ekki að ráða, heldur hagsmunir fórnarlamba þeirra andstyggilegu glæpa sem kynferðisbrot eru.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn ein uppákoman

Enn einu sinni eru ráðherrar í ríkisstjórn Íslands komnir í hár saman yfir túlkunum á orðum. Að þessu sinni er það fullyrðing Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um að Íslendingar þurfi ekki undanþágu frá sjávarútvegsstefnu ESB. Það var eins og við manninn mælt að Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði að ef rétt væri eftir Össuri haft væri grafalvarlegt mál á ferðinni. Álíka uppákomur hafa átt sér stað nokkuð reglulega og oft er eins og ráðherrar ræði einfaldlega ekki saman um stefnu eigin ríkisstjórnar.

### Sérkennilegir bólfélagar

Einar Már Guðmundsson gaf nýverið út bók með hugleiðingum sínum eftir efnahagshrunið. Hún hefur fengið þokkalega dóma, hvergi þó líklega betri en hjá Birni Bjarnasyni og skoðanabræðrum hans. Þeir halda mjög á lofti gagnrýni Einars á Steingrím J. Sigfússon. Það hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar að gamli byltingarsinninn Einar Már deildi skoðanabóli með Birni Bjarnasyni.



### Hægri sveiflan

Ásmundur Einar Daðason gekk nýverið til liðs við Framsóknarflokkinn með þeim rökum að hann væri til vinstri við ríkisstjórnina og þaðan mundi hann gagnrýna stjórnina. Í því ljósi er athyglisvert að lesa nýja bloggfærslu Páls Vilhjálmssonar, framkvæmdastjóra Heimssýnar, sem fullyrðir að Framsóknarflokkurinn sé leiðandi á hægri væng stjórnmála. Páll og Ásmundur eru ekki ókunnugir, enda er sá síðastnefndi formaður Heimssýnar. Nú er spurning hvort flokkurinn – og Ásmundur – hafa færst til hægri, eða hvort þetta er merki um deilur Heimssýnarmanna?



**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Úti í móa


Stjórnmál



Guðni Th. Jóhannesson

sagnfræðingur


Geir H. Haarde ber ekki ábyrgð á bankahruninu á Íslandi. Hann braut ekki lög. Hann gerði sitt besta þegar í óefni var komið haustið 2008. En þar með er ekki sagt að hann eða aðrir ráðamenn hafi í öllu staðið sig vel fyrir hrun og þegar það dundi yfir. Í aðdragandanum var andvaraleysið of mikið og þegar holskeflan reið yfir var reynt að grípa til örþrifaráða sem dugðu einfaldlega ekki.

Geir var ekki einn um að bregðast seint og illa við því sem er svo auðvelt að sjá eftir á. Árið 2005, þegar gríðarleg lántaka bankanna stóð sem hæst, dásamaði Halldór Ásgrímsson, forveri hans á stóli forsætisráðherra, „íslenska efnahagsundrið“. Árið 2007 svaraði Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra í stjórn Geirs H. Haarde, þeim sem vöruðu við ofhitnun í íslenskum efnahag með því að spyrja: „Drengir, sjáið þið ekki veisluna?“

Mörg önnur dæmi mætti taka. „Sú einarða afstaða ríkisstjórnarinnar að standa við bakið á fjármálakerfinu okkar var rétt og frá henni verður hvergi hvikað,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra í september 2008. Síðar í þeim mánuði reyndu Seðlabankinn og ríkisstjórnin að bjarga Glitni með því að eignast meirihluta í honum fyrir fúlgu fjár. Í byrjun október átti að bjarga Kaupþingi með risaláni. Um svipað leyti vonaði Geir H. Haarde, ef marka má orð hans í fjölmiðlum, að Landsbankinn stæði af sér fjármálastorminn, sem þá geisaði um allan heim, vegna þess að þar á bæ hefðu menn haft vit á að safna svo miklu af innlánum í útlöndum. Í blálokin hugleiddu stjórnvöld líka að láta lífeyrissjóðina koma bankakerfinu til bjargar. Vandinn var bara orðinn svo mikill að menn réðu ekki við hann. Í því felst lítil stjórnlist.

Skaparar sögunnar ætla augljóslega að skrifa hana líka. Það er skiljanlegt, ekki síst ef menn þurfa að taka til varna í pólitískum réttarhöldum. Þar að auki er sumt af því sem eftiráspekingar halda fram svo ósanngjarnt að fólki hlýtur að svella móður. En ýmis orð að undanförnu um snilld íslenskra ráðamanna í hruninu eru samt líkust því að ökumaður, sem missti stjórn á bíl sínum þannig að hann valt ótal sinnum áður en hann stöðvaðist ónýtur úti í móa, segi sigri hrósandi: „Sjáiði bara, ég náði að láta hann lenda á hjólunum.“


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Það sem við vitum ekki

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Í kvikmyndum sem gerðar voru um og eftir síðari heimstyrjöld var nánast regla að aðalleikararnir væru annað hvort með sígarettu í hægri hendi milli vísifingurs og löngutangar, eða í munnvikinu. Þetta var hluti af kúlinu. Reykingar breiddust hratt út hér á landi eins og annars staðar, sumir reyktu út af tóbaksnautn, en aðrir út af því hvað það var heimsborgaralegt að halda á sígarettu. Að vanda var nafnið á þessu fyrirbæri íslenskað og kallað vindlingur, en það orð festi ekki rætur hjá almenningi. Hitt var smartara. Mér er minnisstætt þegar glæsileg frænka mín sat heima í stofu með sígarettu í hendi og litla systir mín horfði hrifin á og spurði hvort hún mætti prófa að halda svona á sígarettunni. Frænka taldi það nú ekki við hæfi, og þá sagði systir mín í ákveðin: Ég ætla sko að reykja þegar ég er orðin stór!“ Það gerði hún reyndar ekki, en þetta rifjar upp hvað reykingastellingin er elegant og kvenleg þegar best lætur.

Nánast allt fullorðið fólk í minni fjölskyldu og fjölskyldum vina minna reykti, og það var óskemmtilegt að fara út úr bænum til að sporta sig í náttúrunni í bifreið sem var reykt í alla leiðina. En þetta var bara hluti af tilverunni. Enginn talaði um að þetta væri skaðlegt. Meira að segja mjög skaðlegt. Móðir mín var þeirra gerðar að hún hefði hvorki reykt heima né leyft öðrum að gera það hefði hana grunað að það gæti á nokkurn hátt verið skaðlegt fyrir okkur systurnar. En það vissi hún ekki. Það vita hins vegar allir í dag og þeir sem kjósa að reykja gera það á eigin ábyrgð.

> Maður spyr sig náttúrulega þessa dagana hvort ástandið í þjóðfélaginu, kreppan og kvíðinn eigi einhvern þátt í skyndilegum dauðsföllum fólks á miðjum aldri og öllum þessum krabbameinstilfellum.

### Reynslunni ríkari

Á sínum tíma hafði maður spurnir af því að amfetamín væri algjör snilld og unglingar í landsprófi, nemendur í menntaskóla eða háskóla gætu vakað heilu næturnar við lestur án þess að þreytast. Þetta var töfralausn. Sagt var að sumir listamenn fengju sér nýtt sér þetta í nokkur ár, en áttað sig smám saman á því að þetta var langt frá því að vera heilsubót, nema í þeim tilvikum sem um raunveruleg veikindi er að ræða. Mér er sagt að harðir fíklar og þeir sem dreifa fíkniefnum séu svo vel að sér í lyfjategundum og blöndun lyfja til að fá þau áhrif sem eftir er sóst, að það jaðri við fagmennsku í lyfjafræði. Sel það ekki dýrar en ég keypti það. En mestu skiptir að hver og einn hefur val. Velji menn að taka þá áhættu að prófa fíknilyf, geta þeir ekki vitað hvert það ber þá. Sumir geta hrist þetta af sér og lifað eðlilegu fjölskyldulífi, aðrir verða fíklar það sem eftir er, og þá hvorki skipstjórar né stýrimenn í eigin lífi.

Lykilatriði er, að öndvert við það sem áður var, hjá stórreykingarfólki og þeim sem hresstu sig á amfetamíni, þá veit nútímafólk hvað þetta getur kostað. Og það er býsna dýrt. En allir hafa val.

### Tæknin eða reiðin

Maður spyr sig náttúrulega þessa dagana hvort ástandið í þjóðfélaginu, kreppan og kvíðinn eigi einhvern þátt í skyndilegum dauðsföllum fólks á miðjum aldri og öllum þessum krabbameinstilfellum. Er það spennan, reiðin og vonleysið? Svo má spyrja hvort tæknin sem við erum orðin svo háð sé saklaus með öllu. Kona sem átti erfitt um svefn var alltaf með farsímann á náttborðinu. Henni kom í hug að kannski væri það ekki hollt og fór með hann annað. Síðan sefur hún eins og barn. Við höldum á litlu símtæki í lófanum sem er ekki með neina jarðtengingu og hringjum til London eða New York. Erum við ekki umkringd af ósýnilegum orkugeislum sem við kunnum ekkert á og vitum ekkert af. Er það heilsubætandi? Varla. Ekki frekar en reykingarnar.




Mynstrið er svo fínt.
Við sýndum þessa peysu einmitt í nýútkomnu tölublaði okkar, The Travel Issue. Peysan er 100% ull en fóðrið er úr pólýester og pólýurethan. Ég hef séð stelpur á stangli í svona peysum og þær eru svaka fínar í þeim. Ein sagði meira að segja við mig að þetta væri besta peysa sem hún hefði átt. Peysan ver mann fyrir veðri, vatni og vindum og andar vel. Allt sem góð sumarpeysa þarf að hafa.
ICE WEAR
NORWEAR FOR ALL CONDITIONS
Velkomin í verslanir okkar:
Þingholtsstræti 2, 101 Reykjavík/sími: 561 9619
Suðurhraun 12c, 210 Garðabær/sími: 555 7409
www.norwear.com
www.icewear.is


# Drekinn!

Drekasvæðið
Orri Hauksson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



Í einu atriði í sjónvarpsþáttum Fóstbræðra kom starfsmaður undrandi út af skrifstofu yfirmanns síns, með þá nýju vitneskju að hann væri drekinn. Ætlunin hafði hins vegar verið að segja honum að hann væri rekinn. Sú misheyrn kom upp í hugann þegar fylgst var með störfum Alþingis nú í vor. Hvað eftir annað var auðvelt að slá því föstu, að allt annað væri þar til umræðu en raunverulega heyrðist úr ræðustól. Vanhugsuð frumvörp um sjávarútvegsmál þvældust fyrir þverpólitískum þjóðþrifamálum, sem féllu milli þilja í þingsal. Þannig var hreint formsatriði að þingið samþykkti tæknileg frumvörp sem vörðuðu löngu tímabær útboð til olíuleitar á hinu svokallaða Drekasvæði. En svo augljóst sem málið var, týndist það í fyrrnefndu fimbulfambi. Tafðist umsóknarferlið á íslenska hluta Drekans þar með til vorsins 2012. Enn eitt árið er því týnt á þessu sviði, líkt og á svo mörgum öðrum.

Frændur okkar Norðmenn eru hins vegar engir byrjendur í að hanna umgjörð olíurannsókna og hafa þeir af fumleysi lokið því ferli er varðar norska Drekasvæðið, eins og við mátti búast. Alþjóðleg olíufyrirtæki hafa tilkynnt að tugum milljóna dollara verður á næstunni varið til hljóðbylgjurannsókna og kafbátaleitar á norska hluta svæðisins, sem þýðir uppgrip og arðbæra þekkingarsköpun hjá norskum þjónustuaðilum. Hugur Norðmanna stendur jafnframt til að gera Jan Mayen að miðstöð olíuleitar fyrir svæðið allt, en í hlut Norðmanna fellur einungis fjórðungur svæðisins, en megnið af svæðinu tilheyrir Íslandi. Þar að auki liggja hafnir austur á fjörðum á Íslandi að minnsta kosti jafn vel frá náttúrunnar hendi við slíkri þróunarstarfsemi og kannski betur. En Austfirðir eiga engan möguleika á að keppa við Jan Mayen, á meðan við ljúkum ekki einu sinni við eigin lagaumgjörð, hvað þá meira.

Dr. Michael Porter, prófessor í Harvard Business School, var hér í heimsókn fyrir skemmstu og benti hann á að leitartækni, jarðlagagreining og almenn þjónusta við olíuiðnað væru náskyld jarðvarmarannsóknum. Hinn íslenski jarðvarmaklasi ætti því að tengja sig betur virðiskeðju jarðefnaeldsneytis og vísaði sérstaklega til hins þroskaða norska olíuiðnaðar. Þar við bætist að Norðmenn yfirfæra tækni úr olíuklasa sínum yfir á beislun vindorku, sem er einmitt svið sem við Íslendingar hyggjumst á næstu árum byggja upp aukna þekkingu á, enda skortir síst

> Tafðist umsóknarferlið á íslenska hluta Drekans þar með til vorsins 2012. Enn eitt árið er því týnt á þessu sviði, líkt og á svo mörgum öðrum.

hráefni hér á landi til vindorkuframleiðlu. Porter furðaði sig einnig almennt á því hve hægt gengi nú um stundir í okkar þjóðfélagi, sem gæti auðveldlega verið afar gjöfult, ef rétt væri á haldið. Vannýtt tækifæri lægju hvarvetna. Erfitt er að andmæla prófessornum þar.

Síðustu misseri hefur Alþingi varið miklu púðri í að þvælast fyrir sjálfu sér og þjóðinni. Rík áhersla hefur verið lögð á ýmsan tímafrekan óþarfa og jafnvel skaðræði, en lítill gaumur hefur verið gefinn margvíslegum stórmálum sem móta munu framtíðarhag okkar.

Þetta verður að breytast. Að öðrum kosti á hinn kjörni fulltrúi Íslendinga á hættu að lenda í starfsmannavíðtali Fóstbræðra og verða drekinn.


Tilboðs dagar
20-30%
afsláttur af öllum vörum


Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns. Ljós eik, massív sápuþvegin eik, kirsuber,tekk og hnota
Hönnuður: Per Hansbæk

Komdu og gerðu frábær kaup!
Borðstofuhúsgögn
Sófar og sófasett
Hornsófar
Svefnsófar
Hvíldarstólar
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum

Italsofa
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Opið virka daga kl. 10-18
Sími 581-2275 ■ 568-5375
www.valhusgogn.is


Gámasala í
MÚRBÚÐARVERÐ
Black&Decker
háþrýstidæla 110 bar
13.900 kr.
1400W
360 min/lit/klst
Þolir 50C heitt vatn
5 metra barki
Sápubox
SUPERSEAL
TOP COAT
Steypugljái
á stéttina
DEKAPRO útimálning,
10 lítrar (A stofn)
6.450 kr.
DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar
9.995 kr.
DURATOOL
Rafhlöðuborvél 18V
2.990 kr.
Álstigi 2x12 þrep
3.61-6.4 m
23.900 kr.
ODEN þekjandi
viðarvörn. 1 líter
1.495 kr.
Besta þekjandi
viðarvörn í Skan-
dinavíu samkvæmt
prófun
Folksham
í Svíþjóð.
Sjá www.murbudin.is
COOLPASS
ÖNDUNAREFNI
ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða
Silikonalkyd efni. 3 lítrar
4.290 kr.
Polo bolur
2.190 kr.
Skv. staðli
EN471
Gaddavír 14x14x10 300 m.
6.900 kr.
59.900 kr.
Túngirðinganet
3mm 69cmx50 metrar
5.990 kr.
Extra sterk
hjól v.gaskút.
Þrýstijafnari
og slöngur
fylgja.
GAS GRILL
4 ryðfríir brennarar og
hliðarplata. 14 kw/h.
48.000-BTU. Hitamælir.
Kveikja í stillihnapp.
Grillgrind er postulíns-
húðuð. 44x56 cm.
Kapalkefli 10 mtr
2.990 kr.
Álstigi 3x8 þrep
2.27-5.05 m
16.990 kr.
Multi-Function trappa
11.990 kr.
15 metra rafmagnssnúra
2.995 kr.
Laufhrífa svört
495 kr.
Garðverkfæri Raka/skafa
395 kr.
Strákústur 30cm breiður
595 kr.
Truper garðverkfæri 3stk
1.645 kr.
Jarðvegsdúkur 10x1,2 m
1.290 kr.
Blákorn 5 kg
1.130 kr.
Sterk yfirbreiðsla með
kónagötum
1.395 kr.
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma



Múrbúðinni
Slöngutengjasett með úðabyssu
590 kr.
3 arma garðúðari
325 kr.
Garden tools
Garðúðari
298 kr.
Slöngutengjasett 1/2" og 3/4"
225 kr.
Slöngusamtengi
75 kr.
(mikið úrval tengja)
GÆÐASKÓFLUR
1.095,-
1.190,-
1.095,-
1.095,-
1.190,-
1.190,-
1/2" slanga 15 metra með byssu og tengjum
1.190 kr.
Gormaslanga 15metra m/úðabyssu
1.395 kr.
1/2" Slanga 25 metrar
1.995 kr.
Malarhrífa
1.390,-
Haki
1.890,-
Slönguhengi - plast
395 kr.
PVC húðað vírnet 50cmx15 metrar
2.995 kr.
Garðskilveggir verð frá
395 kr.
12 lítra fata
345 kr.
Fötugrind græn
595 kr.
Slönguvagn á hjólum 1/2" f/50 metra
2.490 kr.
Ceramic Blómapottar frostheldir, verð frá
990 kr.
Slönguhjól 1/2" f/45 metra
1.590 kr.
Garðskilveggur
1.490 kr.
Aflangur blómapottur „sjálfvökvandi"
995 kr.
Áburðardreifari 12 ltr
1.990 kr.
Hjólbörur 75L
4.490 kr.
MÚRBÚÐIN
Barnahjólbörur
2.990 kr.
Þrýstiúðabrúsi
1.390 kr.
Þrýstiúðabrúsi 1 líter
385 kr.
Þrýstiúðabrúsi 1,5 líter
415 kr.
Greinaklippur
895 kr.
Hekk klippur 8"
1.150 kr.
Greinaklippur
550 kr.
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MURBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Reykjavík Kletthálls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GEORGES POMPIDOU FRAKKLANDSFORSETI (1915-1974)** fæddist þennan dag.

*„Þrennt leiðir til glötunar: konur, fjárhættuspil og tæknimenn. Ánægjulegast er það með konum, fljótlegast í fjárhættuspili, en eins öruggt og það getur orðið með tæknimönnum.“*

---



†

*Systir mín,*

**Elín Daníelsdóttir Anker**

frá Guttormshaga í Holtum,

andaðist á heimili sínu í Flórída 25. júní. Útförin hefur farið fram.

Fyrir hönd eftirlifandi eiginmanns,

**Richards Ankers**
**dætra og barnabarna og skyldmenna á Íslandi,**
**Svava Daníelsdóttir.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Helga Sigurðardóttir**

Lindartúni, Garði,

verður jarðsungin frá Útskálakirkju, fimmtudaginn 7. júlí kl. 14.00.

**Sigurður Guðmundsson** — **Ester Guðmundína Guðmundsdóttir**
**Þórir Guðmundsson** — **Ingibjörg Katrín Georgsdóttir**
**Jónína Guðmundsdóttir** — **Þröstur Steinþórsson**
**Guðjón Guðmundsson** — **Herborg Valgeirsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



†

*Elskulegur sonur okkar, fóstursonur, barnabarn og bróðir,*

**Óli Páll Ómarsson**

lést í Bandaríkjunum. Bálför hefur farið fram. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 7. júlí kl. 13.00. Greftrun í Fossvogskirkjugarði að athöfn lokinni. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Félag krabbameinsjúkra barna.

**Björg Benmakhlouf** — **Mohammed Benmakhlouf**
**Ómar F. Dabney** — **Ingveldur Gísladóttir**
**Alice Gestsdóttir** — **Björn Ó. Jónsson**
**Anna María Ómarsdóttir** — **Adrae Benmakhlouf**
**Ívar Hauksson** — **Karen Ósk Sampsted**
**Camilla Dís Ívarsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Anton Jónsson**

Þórsgötu 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 30. júní. Útför hans fer fram 8. júlí kl. 15.00 frá Fossvogskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Katrín Björgvinsdóttir**
**Jóhann Rúnar Sigurðsson** — **Aðalbjörg Jónsdóttir**
**Björgvin Sigurðsson** — **Ólafía Ragnarsdóttir**
**Vignir Sigurðsson** — **Eyrún Valsdóttir**
**Svavar Sigurðsson** — **Silvia Hromadko**
**og barnabörn.**

---



†

*Okkar elskulega,*

**Arnþrúður Margrét Jóhannesdóttir**

sjúkraliði, Arahólum 4,
áður Kópavogsbraut 107,

lést þriðjudaginn 28. júní. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu, mánudaginn 11. júlí. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Grensásdeild og Dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund.

**Sigurður Gunnlaugsson**
**Aðalbjörg Sigurðardóttir** — **Gísli Eiríksson**
**Gíslunn Arngrímsdóttir**
**Hulda Sigurðardóttir** — **Haraldur Þorsteinsson**
**Sigurlaug Sigurðardóttir** — **Emil Valgarðsson**
**Margrét Sigurðardóttir** — **Eyþór Rafn Þórhallsson**
**ömmu- og langömmubörnin.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,*

**Sigmundur Sigurgeirsson**

Hnotubergi 21, Hafnarfirði,

sem lést í faðmi fjölskyldu sinnar þriðjudaginn 28. júní, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 7. júlí kl. 15.00.

**Guðný Guðnadóttir**
**Ingigerður Sigmundsdóttir** — **Sighvatur Kristjánsson**
**Sigurgeir Sigmundsson** — **Kristín Arnarsdóttir**
**Ólafur Þór Sigmundsson** — **Asefash Berhanu**
**Margrét Sigmundsdóttir** — **Helgi Ásgeir Harðarson**
**Guðni Markús Sigmundsson** — **Sólveig Magnúsdóttir**
**Guðjón Viðar Sigurgeirsson** — **Sigrún Jóhannesdóttir**
**Helga Sigurgeirsdóttir** — **Jón Berg Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Rósu Teitsdóttur**

áður til heimilis að Grund í Keflavík,

sem lést miðvikudaginn 22. júní.

**Guðmundur Ólafsson**
**Sigurvin Ólafsson**
**Sigurfríð Ólafsdóttir**
**tengdabörn, ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Dagmar Koeppen**

Þinghólsbraut 56, Kópavogi,

lést 2. júlí.

**Brynjar Bjarnason** — **Erwin Pétur Koeppen**
**Erwin** — **Marcela**
**Ingimar** — **Magdalena**
**Angela** — **Sverrir**
**og barnabörn.**

---



**MEÐ OKKAR AUGUM** Samhentur hópur stendur að baki þáttunum.

## MEÐ OKKAR AUGUM: SJÓNVARPSÞÆTTIR ÞROSKAHAMLAÐRA Á RÚV

# Mikið að gefa

„Hugmyndin kviknaði yfir norskum sjónvarpsþætti þar sem þroskahamlaður spyrill spurði frambjóðendur hvað þeim líkaði best í fari hvers annars. Ég hef aldrei séð jafn marga stjórnmálamenn verða kjaftstopp og hugsaði sem svo að þetta væri vitaskuld sjálfsagður hluti af margbreytileikanum þar sem menn hafa mismunandi sýn á hvað er mikilvægt,“ segir Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar, inntur eftir tilurð sjónvarpsþáttanna Með okkar augum, sem fóru fyrst í loftið í gærkvöldi í Ríkissjónvarpinu. Með þáttunum er brotið blað í íslenskri sjónvarpsþáttagerð því þeir eru þeir fyrstu sinnar tegundar þar sem fólk með þroskahamlanir starfar beggja vegna myndavélarinnar.

„Í fyrravor tóku nokkrir einstaklingar með þroskahömlun þátt í námskeiði í sjónvarpsþáttagerð og skiptu með sér verkum eins og áhugi og styrkur gaf tilefni til. Sumir gerðust dagskrárgerðarmenn meðan aðrir heilluðust af myndatöku og hljóði,“ segir Friðrik um námskeiðið sem tókst svo vel að aðstandendur þess, Landssamtökin Þroskahjálp og Símenntunarmiðstöð, vildu ekki láta staðar numið.

„Þættirnir hafa almenna skírskotun til þjóðarinnar í heild og eru ekki um þroskahamlað fólk fyrir fólk með þroskahömlun. Hins vegar eru þeir unnir út frá sjónarhóli þroskahamlaðra sem hafa allt aðra sýn en við hin og gerir okkur ríkari fyrir vikið, en mestu skiptir að fólki líði vel þegar það horfir á þættina,“ segir Friðrik um ódæmigerða nálgun sjónvarpsfólksins sem á eftir að koma á óvart.

„Sannarlega velta þau fyrir sér eigin reynsluheimi, eins og því hvort þau megi giftast, eignast börn eða líftryggja sig, en þess á milli elda þau mat með Sigga Hall og fjalla um sumartískuna,“ segir Friðrik sem vonast eftir framhaldi á þáttagerðinni, enda eiga þáttastjórnendur fullt erindi við íslenskt þjóðfélag; einlægir, ferskir og með sýn sem flækir sig ekki í smáatriði heldur spyr beittra spurninga.

„Það mætti stundum að ósekju dýpka umræðuna með því að leita til annarra en sérfræðinga, enda hafa þeirra ráð ekki reynst þjóðinni sérlega vel. Menn geta því spurt sig hvort farið hefði nokkuð verr ef leitað hefði verið í smiðju þeirra sem strax hefðu séð að keisarinn var ekki í neinu,“ segir Friðrik og brosir út í annað.

Að sögn Friðriks fóru þáttastjórnendur meðal annars með spurningar sínar til líftryggingafélags. „Þar var þeim tekið með slíkum vandræðagangi að það vakti okkur til umhugsunar. Af hverju var þeim ekki svarað eðlilega burtséð frá greindarvísitölu? Skiptir hún máli fyrir þjónustufyrirtæki, eða í hvaða stöðu viðskiptavinur er?“ spyr Friðrik sem með þáttunum vill breyta staðalímyndum fatlaðra.

„Við viljum sýna fram á að þroskahamlaðir hafa fullt að gefa og eiga að falla með eðlilegum hætti í samfélagið. Við viljum því vita hvort menn séu undir það búnir að horfa, hlusta og finnast gaman með þeim, því auðvitað er í lagi að hlæja með fötluðum og grínast með þeim sem þeim finnst fyndið, þótt aldrei sé forsvaranlegt að hlæja að fötluninni sjálfri,“ segir Friðrik.

thordis@frettabladid.is

---



†

*Ástkær sonur minn og bróðir,*

**Sigvaldi Jóhannesson**

sem lést miðvikudaginn 29. júní, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 7. júlí kl. 13.00.

**Kristbjörg Ólafsdóttir**
**systkini og makar.**



**Íslandsmótið í víðavatnssundi** verður haldið miðvikudaginn 20. júlí. Keppnin fer fram í Fossvoginum við Nauthólsvík og hefst klukkan 17. Boðið verður upp á þrjár keppnisvegalengdir; 1 km, 3 km og 5 km. Forskráning er á www.sundsamband.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473










**Fyrsti opinberi rugby-leikurinn á Íslandi fór fram nýlega og lauk með sigri Rugby-félags Reykjavíkur**

# Vorum sneggri



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikurinn fór 45-26 fyrir okkur. Úrslitin komu okkur nokkuð á óvart enda höfðum við engar væntingar,“ segir Kristinn Þór Sigurjónsson, varaformaður Rugby-félags Reykjavíkur, sem tók á sunnudaginn á móti Thunderbird Old Boys rugby-liðinu frá Bandaríkjunum. Leikurinn fór fram á Vodafonevellinum og var fyrsti opinberi rugby-leikurinn hér á landi.

„Við unnum á því að vera yngri og sneggri. Þeir voru hins vegar tæknilega betri og áttu betri högg og tæklingar enda mun reynslumeiri,“ segir Kristinn.

FRAMHALD | 3





Sportlif.is leitar að fólki til að taka þátt í Boot Camp-keppninni 2011 sem er hluti af Þrekmótaröðinni og verður haldin í Mosfellsbæ 27. ágúst. Sportlíf stefnir á að vera með tvö fimm manna lið. Leitað er að fólki í góðu formi og getur það öðlast frían þátttökurétt í mótinu.



Neglur gegna því hlutverki að hjálpa til við að grípa utan um hluti og meðhöndla þá. Þær vernda einnig fremsta hluta fingra og táa, sem er afar næmur. Enn fremur gera neglur okkur kleift að klóra aðra líkamshluta og virka því eins og klær margra dýrategunda.

**Heimild: Visindavefur.is**

# Góð áhrif íslenskra jurta

**Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir, nálastungu- og grasalæknir, hefur yfirfært kínverskar lækningar á íslenskar jurtir. Í endurútgefinni bók hennar, Íslenskar lækningajurtir, er að finna þann fróðleik.**

Bókin Íslenskar lækningajurtir eftir Arnbjörgu Lindu Jóhannsdóttur, nálastungu- og grasalækni, hefur verið endurútgefin. Í nýrri útgáfu hefur kynningu á kínverskri læknisfræði verið bætt við.

„Kínverskar lækningar eru önnur leið til sjúkdómsgreiningar en hin hefðbundna vestræna leið. Kínverska kerfið á í raun miklu betur við jurtir,“ útskýrir Arnbjörg Linda en hún nam kínverskar lækningar í Englandi eftir að hafa menntað sig í nálastungu- og grasalækningum þar ytra.

„Ég fór út í kínverska læknisfræði til að öðlast betri skilning á viðfangsefninu en kínverska kerfið er elsta kerfi sem jurtir hafa verið greindar eftir,“ útskýrir Arnbjörg.

Í bókinni yfirfærir hún kínversku fræðin á flestar íslensku jurtanna og útskýrir eiginleika hverrar jurtar bæði samkvæmt kínverska kerfinu og því vestræna. „Þetta er í fyrsta sinn sem kínversk læknisfræði er kynnt á íslensku máli,“ segir Arnbjörg.

Bókin er skreytt bæði teikningum og ljósmyndum. Hverri jurt er lýst og hvar hún vex, hvaða hlutar hennar eru nýttir og hvenær á að tína hana. Þá eru lýsingar á hvernig á að búa til te, bakstra eða krem úr jurtunum.

Nánari upplýsingar um kínverska læknisfræði eru á síðunni nalastungur.is. *heida@frettabladid.is*



Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir, nálastungu- og grasalæknir, yfirfærði kínversk fræði á íslenskar jurtir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Vallhumall

**Notkun:** Gott er að drekka vallhumalste í byrjun flensu eða kvefs. Þá hefur hann löngum verið talinn ein besta jurtin sem hér er völ á til að græða sár en þá er unnið smyrsl úr blómunum.
**Kínversk fræði:** Vallhumall er styrkjandi fyrir lifur og hjarta yin. Jurtin leiðréttir lifrar qi og hefur þannig krampalosandi áhrif víða í líkamanum. Vallhumall er einnig kælandi og er þess vegna góður í upphafi flensu eða hálsbólgu þar sem hiti fylgir og særindi.
Íslenskar lækningajurtir bls 89.




Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



www.lyfja.is



Það mikilvægasta sem þú setur á þig í dag

Nýtt Daywear SPF 15
Nú með enn öflugri andoxunarefnablöndu.

Daywear kremin eru nú einnig fáanleg í 30ml á frábæru verði.

**25% afsláttur af öllum Daywear kremum í dag 5. og 6. júlí**

Tilboðið gildir í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi og á Selfossi.



ESTĒE LAUDER

LYFJA
- Lífið heil



ÚTSALA HAFIN!



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI MENNING

vísir

PALLURINN

ÞRIÐJUDAGUR 5. JÚLÍ 2011 | **Kynningarblað** Lausnir, ráð, nýjungar, notalegheit.

# Bestu hellur sem bjóðast

**Gæði, ending og gott útlit. Með þeim hætti lýsir Benedikt Guðmundsson, markaðs- og sölustjóri Steypustöðvarinnar, fjölbreyttu úrvali hellna sem fyrirtækið hefur framleitt um árabil.**

Steypustöðin ehf. var stofnuð árið 1947 og hefur því starfað við góðan orðstír í meira en 60 ár. Fyrirtækið framleiðir steinsteypu í mannvirki og hellur af öllum stærðum og gerðum.

„Við kappkostum að bjóða bestu hellur sem völ er á innanlands og þótt víðar væri leitað,“ segir Benedikt Guðmundsson, markaðs- og sölustjóri fyrirtækisins, og útskýrir nánar í hverju sérstaðan felst. „Yfirleitt eru hellur framleiddar í einu lagi. Okkar eru aftur á móti samsettar úr tveimur lögum, grófu og sterku undirlagi úr íslenskum fylliefnum og þunnu, sléttu og öflugu yfirlagi úr graníti sérinnfluttu frá Noregi. Yfirborðið er mjög veðrunarþolið og hindrar að vatn eigi aðgang að hellunni og er einnig frábær vörn gegn nagladekkjum vegna graníthörkunnar.“

Fyrir vikið segir Benedikt hellurnar frá Steypustöðinni vandaðar, fallegar og endingargóðar. „Ekki er óþekkt að samsettu efnin brenni af yfirborðinu hellna og þær verði dökkar, veðraðar og slitnar á fáeinum árum. Okkar framleiðsluaðferð snarminnkar líkur á slíku. Nýverið keyrði ég til dæmis inn í hverfi sem hafði verið hellulagt með hellum frá okkur fyrir tæplega fjórum árum og þær litu allar út fyrir að vera nýkomnar af brettinu.“



„Við kappkostum að bjóða bestu hellur sem völ er á innanlands og þótt víðar væri leitað,“ segir Benedikt Guðmundsson, markaðs- og sölustjóri Steypustöðvarinnar ehf. MYND/HAG

### Risi á íslenskum markaði

Framleiðsla hellnanna fer öll fram í Hafnarfirði þar sem fyrirtækið rekur eina fullkomnustu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum, að sögn Benedikts. „Þar fer jafnframt fram framleiðsla á álagshellum fyrir götur og hraðahindarnir. Durasplitt-möl og granítsandur frá Noregi er meðal annars notað í hellurnar sem eru steyptar í einu lagi og þar af leiðandi eru þær sérlega slitþolnar. Malbikunarstöðvar beita þessu gjarnan þar sem er mikið álag sökum þunga og nagladekkja.“

Verksmiðjuna keypti Steypustöðin árið 2003, en rekur að auki öfluga söludeild fyrir steypur, garðlausnir og múrvörur að Malarahöfða 10 í Reykjavík, Hringhellu 2 Hafnarfirði og að Hrísmýri 8 á Selfossi. Nýjasta viðbótin er útstöð í Helguvík, í húsakynnum aflagðrar steypustöðvar sem fyrirtækið leigði til nokkurra ára. „Við vorum að opna þar og eykur stöðin þjónustustig við okkar kúnna á Suðurnesjum ásamt því að þjónusta fyrrum viðskiptavini stöðvarinnar,“ útskýrir Benedikt og bætir við að til standi að opna söludeild fyrir múrvöru og hellur á næstu dögum. „Við erum klárlega langstærsti innflutnings- og söluaðili á múr á íslenskum markaði í dag og koma vörurnar frá Rescon Mapei í Noregi og eru þekktar fyrir gæði, svo sem styrk og veðrunarþol.“

Spurður hvernig salan á hellum fari af stað í ár, segir Benedikt hana komna langt fram úr væntingum. „Hún er búin að vera dúndurgóð í júní og það sem af er júlí enda sumarið sá tími sem menn hella sér út í hellulagnir, garðverk og þess háttar,“ bendir hann á léttur í lund og getur þess að hjá Steypustöðinni sé jafnframt boðið upp á ókeypis landslagsráðgjöf.

„Hér eru tveir sérfræðingar, Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar frá Forma, sem veita ráðleggingar alla þriðju-, miðviku- og fimmtudaga milli klukkan 9 og 17. Ráðgjöfin hefur verið mjög vel nýtt og ég mæli með að fólk panti sér tíma í síma Steypustöðvarinnar 4400-400 þar sem upppantað hefur verið hálfan mánuð fram í tímann og erum við að bæta við fleiri dögum til að mæta þörfinni og skapa viðskiptavinum framúrskarandi þjónustustig.“



## MYNSTURSTEYPA

**Steypustöðin selur** ýmsar gerðir af sérhannaðri steypu, meðal annars mynstursteypu og vörur í hana. „Við erum með allar græjur sem þarf í gerð hennar, stimpla og gúmmímottur, og nauðsynleg efni, lita- og hersluefni í yfirborðið og lakkið sem lokar því á eftir,“ útskýrir Benedikt Guðmundsson. „Nokkur öflug múrfyrirtæki eru í samstarfi við okkur og sjá um að vinna verkin (sjá www.steypustodin.is). Vinna við mynstursteypu er vandasamt verk og þarf sérþjálfaða fagmenn í það svo vel til takist.“ Hann segir góða reynslu komna á mynstruðu steypuna. „Fyrstu plönin sem við steyptum fyrir meira en 20 árum eru sem ný þetta löngu síðar.“

## NÝTT ÚTLIT Á GÖMUL PLÖN

**„Umskiptin eru** ótrúleg. Gamlar og þreyttar hellulagnir og plön eru eins og ný eftir þessa meðferð,“ segir Benedikt um viðhaldsefni sem Steypustöðin selur frá breska fyrirtækinu Pics. Hann nefnir til sögunnar olíuhreinsi, mosaeyði og sápusýru sem virkar á hvíta kalkútfellingu sem kemur úr sementinu á hellum og pöllum. „Þegar búið er að bera efnin á er farið yfir með þvottvél, en þær leigjum við út ásamt fylgihlutum,“ segir hann og bætir við að eftir þvott og lökkun með Picseal loði hvorki olíublettir né tyggjó við steypt plön eða hellur. „Eftir lökkun eykst ending á hellum um allt að fimm ár.“



# Pantaðu fría
## landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar



# Graníthellur
## fallegri, endingarbetri og ódýrari

Granít hellur hafa fallegri áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

**Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!**







CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

**4 400 400**

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8 800 Selfoss | Malarhöfða 10 110 Reykjavík | sími 4 400 400 www.steypustodin.is



„Hér er allt til alls," segir Garðar. MYND/VILHELM

# Málaðu eins og fagmaður

Sumarið er tími málningarvinnu og annars viðhalds utanhúss. Garðar Erlingsson, verslunarstjóri Litalands að Borgartúni 16, segir mikilvægt að halda í slík verk með haldbæra þekkingu að leiðarljósi. „Mjög mikilvægt er að nota vönduð efni og nota þau rétt, og hér fer enginn út án þess að vera með allt slíkt á hreinu."

En hvers konar þjónustu býður Litaland? „Við sendum menn á staðinn til ráðgjafar í stærri verkum og til að reikna út áætlaða efnisnotkun. Einnig getur þú sent okkur mynd af húsinu þínu á husalitun@litaland.is og getum við litað það í öllum regnbogans litum. Mjög sniðugt til þess að fá heildarmynd af útliti hússins," segir Garðar og bætir við að Litaland geti bent á úrvalsiðnaðarmenn sé þess óskað.

Að sögn Garðars er vöruúrvalið með því besta sem gerist á landinu. „Við seljum húsamálningu, inni sem úti, pallaolíu, viðarvörn, þekjandi og hálfþekjandi, bátamálningu á jafnt litla sem stóra báta í fersk- eða saltvatni, öll áhöld og smáverkfæri. Svo erum við með mikið úrval af myndlistarvörum frá ýmsum framleiðendum, meðal annars Lukas. Hér er sem sagt allt til alls, hvort sem til stendur að fá útrás fyrir sköpunargleðina eða að olíubera sólpallinn," segir hann og getur þess að öll málning sé frá norska verðlaunaframleiðandanum Gjöco.

Litaland er með verslanir í Borgartúni 16 og á Furuvöllum 7 á Akureyri. Nánar á litaland.is. Almennar fyrirspurnir sendist á litaland@litaland.is.

## AUÐVELT AÐ RÆKTA



**Pallurinn getur** verið ágætur ræktunarstaður fyrir kryddjurtir, salat og ber. Það er yfirleitt gott skjól og þar getur farið vel um nytjajurtir í blómakerjum, körfum eða hvaða íláti sem vera skal.

Jarðarber eru eitt af því sem auðvelt er að rækta. Eigandi þessara jarðarberjaplantna hefur farið þá leið að koma þeim fyrir í gömlum og vinalegum þvottabala. Þegar líður á sumarið eiga berin eftir að þrútna út og roðna og fegra umhverfi sitt enn meira en nú fyrir utan að gleðja bragðlauka því fátt er gómsætara en heimaræktuð jarðarber.



## BLÓMAKER Á PALLINN

Þó fátt sé betra en að hafa gras undir berum iljum velja margir garð- og sumarbústaðaeigendur að leggja að minnsta kosti hluta lóðarinnar undir pall. Garðhúsgögnin og grillið fara betur á hörðu undirlagi en á beru grasi og þægindin eru augljós.

Þeir sem sjá eftir græna litnum undir tréverkið geta bætt úr því með því að fylla stæðarinnar blómaker af trjám og plöntum og dreifa um pallinn eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Þannig myndast bæði skjól og heimilisleg hlýja.

# Ljúfar stundir í garðinum

Stundirnar á pallinum eða svölunum verða mun ánægjulegri ef hugað er að þægindum og fallegu umhverfi.

### Lífleg mynstur

Fallegur dúkur getur gert kraftaverk og umbreytt veðruðu borði í veisluborð. Með fallegum diskum og frísklegum glösum verður stemningin ákaflega sumarleg og síðan má bæta um betur með því að tína blóm og stinga í blómavasa. Einnig er hægt að fá litríkar sessur í ýmsum fallegum mynstrum til að lífga upp á oft látlaus garðhúsgögn.

### Borðað í leynilundi

Gaman er að fá fólk í mat. Ef vel viðrar er um að gera að leggja á borð útivið, sérstaklega ef pallurinn er skjólsæll. Stemningin verður sjaldan líflegri en undir berum himni og frábært að skála fyrir góðu veðri og fersku lofti. Ekki sakar að hafa yfir að ráða gashitara þegar tekur að kólna, en einnig má notast við flís- og ullarteppi þegar sólin hverfur af himni.

### Við ljúfan arineld

Kamínur mynda ákaflega skemmtilega stemningu á pallinum og svölunum. Fátt skákar því að sitja úti, hvort sem er á hlýju sumarkvöldi eða köldum vetrardegi, og ylja sér við lifandi eld.

Kamínur má fá í ýmsum útfærslum, stórar jafnt sem smáar. Þeir sem eru laghentir geta jafnvel búið þær til sjálfir úr múrsteinum.

Þó þarf ávallt að gæta fyllsta öryggis í umgengni við eld. Best er að kynna sér vel notkunarreglur auk þess sem gott er að hafa við hendina slökkvitæki og eldvarnarteppi.



Ef vel viðrar er um að gera að leggja á borð útivið, sérstaklega ef pallurinn er skjólsæll. NORDICPHOTOS/GETTY

### Rólað í rólegheitum

Rólur á pallinum eru æði algengar í suðurríkjum Bandaríkjanna. Þar hafa Bandaríkjamenn hitt naglann á höfuðið því ákaflega róandi er að sitja í rólu. Gildir þá einu hvort menn vilja spjalla saman, sitja yfir góðri bók eða leggja aftur augun í smá stund og láta stressið líða úr sér.


LITALAND gæði/góð þjónusta

Besta viðarvörn í Skandinavíu




Velkomin í verslanir okkar þar sem við kynnum nýtt kerfi í viðarvörn utandyra.

Besta pallaolía í Skandinavíu




Litaland Borgartúni 16 Reykjavík 562 2422 og Furuvöllum 7 Akureyri 461 2760

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRA SJÓNVARP

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir


Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447. Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



„Við seljum meðal annars gagnvarða furu með endanlegri áferð,“ segir Stefán. MYND/GVA

# Nýjung á Íslandi sem fólk tekur fagnandi

**Bykó selur allt sem við kemur sólpöllum og sérfræðingar veita viðskiptavinum ráðgjöf um hvaðeina sem að þeim lýtur. Úrvalið af efniviði er ævintýralegt. Stefán Valsson sölustjóri veit allt um það.**

Við erum með alls konar pallaefni. Það nýjasta er viður sem hefur þá eiginleika að hann er kominn með endanlega áferð,“ segir Stefán Valsson sölustjóri í Bykó og sýnir gagnvarða furu sem er lituð millibrún. „Þetta er nýjung á Íslandi sem fólk tekur fagnandi og þessi litur er bæði til í pallaefni, skjólveggjum og staurum,“ heldur hann áfram en tekur fram að allt timbur þurfi að verja fyrir sól og annarri veðrun og því sé nauðsynlegt að bera viðarvörn á það. „Liturinn fækkar þeim umferðum sem fólk þarf að bera á. Nú getur það notað glæra vörn og sett smá lit út í hana ef það vill. En þetta brúna er mjög fallegt palla- og girðingarefni og vígindin sjást í gegn.“

Stefán líkir Bykó við sérvöruverslun með sólpallaefni. „Við erum með allar gerðir af efni,“ segir hann og telur meðal annars upp furu, lerki, harðvið og plast. Einnig erum við með áhaldaleigu og þar getur fólk leigt öll verkfæri til að nota við pallasmíði svo sem staurabor, sagir og margt fleira. Svo erum við með sérfræðinga á hverju strái sem aðstoða viðskiptavinina og leiðbeina þeim eftir þörfum. Meðal annars bjóðum við upp á ráðgjöf Björns Jóhannssonar landslagsarkitekts að ógleymdum öllum hér innanhúss sem hjálpa fólki að velja réttu vöruna hvort sem það er að hefja nýsmíði eða að taka sína gömlu palla í gegn og ekki spillir bókin og diskurinn hans Gulla Helga.“

Eitt af því sem Bykó státar af er sópallaforrit á heimasíðu fyrirtækisins byko.is. „Þar getur fólk sett inn mál á væntanlegum palli, bæði lengd og breidd og valið hvort það vill breið eða mjó borð. Reiknivél finnur svo út hversu mikið þarf af efni,“ segir Stefán og heldur áfram. „Síðan sendir fólk okkur tölvupóst og við svörum annaðhvort samdægurs eða daginn eftir og gerum tilboð í pallinn og hið sama á við um girðingar. Þetta fyrirkomulag er mjög sniðugt og sparar mörg sporin og bensíndropana því fólk þarf ekki að hlaupa eins mikið eða keyra milli verslana.“

Þegar pallurinn er kominn kallar hann á húsgögn, blómapotta, hitara, grill og jafnvel markísur. „Við erum með allt sem þarf til að gera pallinn vistlegan og aðlaðandi,“ fullyrðir Stefán, „og þeir sem koma í Bykó fara brosandi út af ánægju bæði með verð og þjónustu.“

## *Leiðir fólk áfram skref fyrir skref*

Pallurinn nefnist ný bók sem Gunnlaugur Helgason, húsasmiður og fjölmiðlamaður, hefur gert í samstarfi við Bykó og henni fylgir DVD-kennsludiskur. Gunnlaugur, betur þekktur sem Gulli, segir smíði palla og skjólveggja vandaverk. „Þegar skjólveggir eru skoðaðir sést nákvæmlega hvar hefur verið rétt staðið að frágangi þeirra og hvar ekki. Oft eru þeir farnir að halla út og suður strax eftir tvö ár á sínum stað. Þá hafa þeir ekki verið rétt settir niður.“ Hann blæs á afsakanir eins og vond veður og óheppilegan jarðveg. „Aðstæðurnar eiga ekki að skipta máli því sömu reglur gilda alls staðar, bara eins og við byggingu húsa.“

Gulli er ekki í vafa um þörfina fyrir pallabókina. „Erlendis eru allar búðir fullar af „gerðu það sjálfur“ bókum en á Íslandi er engin bók til fyrir almenning og fagmenn sem fjallar um það sem við erum að smíða hér. Ef fólk ætlar í smíði girðingar leiðir bókin það áfram skref fyrir skref gegnum hönnun, undirstöður, klæðningu og handrið. Hún mun líka verða notuð sem kennslugagn í Tækniskólanum og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og hún er ekkert bundin við 2011 því hún verður jafn þörf næsta sumar og þar næsta.“



„Ef fólk ætlar í smíði girðingar leiðir bókin það áfram skref fyrir skref,“ segir Gulli Helga. MYND/GVA



## GANGA Í ENDURNÝJUN LÍFDAGA

**Gömul húsgögn** sem ekki gagnast lengur innandyra geta nýst sem blómaker úti á palli í stað þess að lenda á haugunum. Stólar og kommóður eru sérlega vel fallin til svona framhaldslífs um einhvern tíma eða þar til veður og vindar hafa unnið á þeim. Markaðir með gömul húsgögn geta verið uppspretta slíkra skreytinga. Hugvitssamur blómaskreytir í Reykjanesbæ á heiður af þeim stól sem hér fylgir mynd af.





## VIÐARVÖRN

**Á þessum** árstíma borgar sig yfirleitt að athuga hvort viðarverja þurfi sólpallinn. Ágæt hugmynd er að sprauta á hann vatni til að ganga úr skugga um það. Seytli vatnið ofan í viðinn þá er best að viðarverja hann. Fljóti það ofan á honum þarf þess ekki. Þó getur verið gott að bera pallaolíu á hann.

Á eldri palla er tilvalið að bera hreinsiefni áður en viðarvörn er notuð. Það er látið síast inn í viðinn og svo hreinsað af með vatni. Því næst er pallurinn látinn þorna í minnst tvo daga áður en hreinsiefnið er borið á.

*Heimild: www.husa.is*



## RÓMANTÍK

**Hjón og sambúðarfólk** rífst sjaldnast á pallinum eða í garðinum af öllum stöðum sem tilheyra heimilinu ef marka má niðurstöður sænskrar rannsóknar sem getið er um í Aftonbladet nýverið. Þær niðurstöður renna stoðum undir þá ákjósanlegu sýn að útivera á palli eða í garði ýti undir rómantík og vellíðan. Þar má njóta blómailms, heyra fuglana syngja og jafnvel fylgjast af ánægju með hunangsflugum safna til bús síns.

## ALMENNINGSSÓLPALLUR VIÐ LANGASAND

**Hjónin Haraldur Sturlaugsson**, fyrrverandi forstjóri HB á Akranesi, og Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi ráðherra, hafa veg og vanda af nýjum sólpalli fyrir aftan stúku grasvallarins að Jaðarsbökkum á Akranesi. Hann mun framvegis nýtast gestum og gangandi við Langasand.

Bæjarráð Akraness gekk til samninga við hjónin á vormánuðum í framhaldi af erindi sem þau sendu bæjarráði þar sem þau buðu Akraneskaupstað lóðarhluta þeirra á Breið til kaups með þeim formerkjum að söluvirðinu yrði ráðstafað til að reisa sólpall á fyrrnefndum stað. Hann er nú risinn og bæjarbúar og gestir bæjarins teknir til við að nýta pallinn enda sandurinn vel sóttur á þessum tíma árs. Pallurinn er búinn borðum og bekkjum og þykir einstaklega skjólsæll. Útsýnið yfir sandinn og út á sjó spillir heldur ekki fyrir.




# Terra
## nýr valkostur fyrir veröndina




**Terra** er nýtt og fallegt verandarefni úr slípuðum hellum sem fæst í hvítu, gráu og svörtu.

**Terra** er hagkvæm og endingargóð lausn á veröndina, laus við umstang og viðhald sem fylgir hefðbundnum pallaefnum. Ekki eyða sumarfríinu í viðhald.

Komdu á sýningarsvæði okkar í Fornalundi og skoðaðu Terra-hellurnar eða hafðu samband við söludeildir okkar.

PIPAR\TBWA · SÍA · 111699





**Vörur okkar eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.**
**Fáðu tilboð og gerðu verðsamanburð!**

BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is
Opið mánud.-föstud. 8-18

BM·VALLÁ

bmvalla.is



Kristinn sparkar af krafti í tuðruna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsíðu

Rugby-íþróttin er ekki gömul í hettunni hér á landi. „Við byrjuðum í febrúar í fyrra að hittast einu sinni í viku svona í gamni. Síðan hljóp kraftur í starfið þegar við skráðum okkur á Scandinavian Open-mótið sem fram fór í Kaupmannahöfn,“ segir Kristinn en rugby-íþróttin var viðurkennd af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, ÍSÍ, í febrúar 2011.

Mikill hugur er í Kristni og félögum. „Það bendir allt til þess að keppt verði í rugby á smáþjóðaleikunum í Lúxemborg árið 2013 og við ætlum þangað. Svo stefnum við á sigur á smáþjóðaleikunum á Íslandi 2015,“ segir hann kokhraustur.

Í Rugby-félagi Reykjavíkur eru nú skráðir 40 meðlimir í tveimur liðum. „Við æfum hins vegar saman en framtíðarstefnan er að skipta okkur upp og koma upp fleiri liðum,“ segir Kristinn og bætir við að annar draumur sé að koma upp kvennaliði en nú æfa fimm konur með Rugby-félaginu.

En hvað er svona heillandi við þessa íþrótt? „Það er samstaðan, krafturinn og félagsskapurinn,“ svarar Kristinn og segir marga finna sig í rugby-íþróttinni sem ekki hafi líkað nógu vel í öðrum íþróttagreinum. Hann segir marga í félaginu koma úr öðrum íþróttagreinum á borð við handbolta, fótbolta og jafnvel júdó. „Við Íslendingar ættum vel að geta náð árangri í þessari íþrótt enda lifnar nokkurs konar víkingaandi í leikmönnum þegar þeir spila,“ segir Kristinn glaðlega.

Áhugasamir geta leitað frekari upplýsinga á www.rugby.is.

*solveig@frettabladid.is*






Engifer þykir gott við ferðaveiki sem getur gert vart við sig í bíl, á sjó og í flugi. Það má taka inn með ýmsum hætti en hreint engiferskot fyrir ferðalag fóðrar magann og kemur í veg fyrir að þar myndist órói. Flest ógleðilyf virka á heilann og innra eyrað en engifer virkar beint á magann. Piparminta hefur svipaða eiginleika.

**Heimild: www.heilsuhusid.is**

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft






# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

**STÓRA BÍLASALAN**



Volvo S40 1.6 DIESEL Árgerð 11/2005, ekinn 109þ.km, bsk. Sparibaukur sem er á staðnum til sýnis! TILBOÐ 1.890.000kr! Raðnúmer 131300. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**SUZUKI**



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

**bilauppbod.is**

### Þarftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

**100bilar.is**



RENAULT Megane scenic. Árg 2007, ek 31 Þ.KM, sjálfsk, sumar og vetrardekk, álfelgur, omfl, Flottur og lítið ekinn bíll, Verð 1.990.000. Rnr.115807. Er á staðnum,



FELGUR 20" felgur, Touareg, Cayenne, Q7. Nýjar mjög flottar felgur, Verð 300.000. Rnr.115427. Eru á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00,**
**Lokað á laugardögum.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Ford Transit 300M VA árg. 2006, keyrður 107.000. Vel með farinn bíll. Verð 1490.000.- str. m/vsk. Uppl. Sigurður s. 617 8830.



Til Sölu MMC Pajero breyttur 38" Ssk. Árg. 1998. Ekinn 191.000 Km. Sk. 12. Verð: 1.900.000 Kr. ATH! Ekkert prútt og engin skipti. Mjög góður bíll. Uppl. 8613790



### Ódýr dísel hilux

Toyota hilux, dísel, turbo intercooler. Árg 95', fæst ódýrt. uppl. í síma 891 9847.

Til sölu Subaru Legacy outback, árg. '98, ek. 183 þús, 2,0 l vél, ssk, dráttarkrókur, sko '12. Verð 350 þús. S. 868 8565.




50% ódýrara eldsneyti. Einföld metan breyting á bílnum. Engin útborgun. Greiðist að fullu með rekstrarsparnaði og þú átt fullt af peningum afgangs! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá öllum helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000.

## 0-250 þús.



Jeep Grand Cherokee '93. Sk. 2010. Ek. 265þ.km. Verð kr. 250þ. S. 820 7585.

## 500-999 þús.

Til sölu Scoda Oktavia árg '00. Ek. 167þús. Uppl í síma 865 9637.

## Bílar óskast

### Bíll óskast á 25-250þús.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Jeppar

Fórst þú á LED ZEPPELIN tónleikana í Laugardalshöll 1970? Hittir þú hljómsveitina? Mætti ég taka viðtal við þig fyrir listaverkefni? Katie 8932937

## Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól







## Reiðhjól




### Kría Hjól

Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

## Hjólhýsi



Knaus hjólhýsi ný innflutt 2001 árg eins og nýtt, m/öllu því helsta + fortjald. V. 1890 þús. S.8477-663

## Fellihýsi

Til sölu fellihýsi árg 2002 með sólarsellu og fortjaldi uppl 6624961

## Bílaþjónusta




## Vinnuvélar




## Hjólbarðar

### Þarftu að láta hjólastilla bílinn?

Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### Varahlutavaktin

er þjónusta með notaða varahluti í bíla. Vorum að opna á Eldshöfða 6 (Gamla Vaka). Allir velkomnir. Opið 09-18 og lau. 10-14. Uppl. í s. 555 6666

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

### Erum að rífa!

Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96, VW Polo 99, Ford Escape 01, Opel Corsa 98, Peugot 306. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### Varahlutavaktin

Erum að byrja rífa Peugeot '02, Caddy '00-'07, Golf '98-'03, WV Passat '98-'00, Pajero '97 bensín og disel. Kia carnival '01, Accent '98. Opið 09-18 og lau. 10-14. Uppl. í s. 555 6666

### VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Viðgerðir



### Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.

Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur. Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

### Gerðu Garðinn frægan

Tek að mér alla almenna garðaþjónustu ss. Jarðvegsskipti, Trjáfellingar, stubbatætingu, Hellulagningar og margt fleira. Erum með trjákurlara sem tekur allt að 30cm svera trjáboli, tréin unnin á staðnum. Véla og tækjaleiga. Jákvætt ehf S. 696 9932 jakvaett@simnet.is

## Vélaleiga



## Fasteignir




OPIÐ HÚS

Opið hús í dag
frá kl. 17:30 – 18:00

**Bakkastöðum 7a**

Falleg 105,9 fm, 4ra herbergja íbúð með sérinngang við Bakkastaði í Grafarvogi.
Skipti möguleg á stærri eign í Grafarvogi.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson í síma 697 3080

MIKLABORG
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið

RE/MAX Lind

Viltu vita hvers virði eignin þín er og hverjir sölumöguleikarnir eru?

Hafðu samband við mig og fáðu verðmat án skuldbindinga.



Hafðu samband...
892 9966

Stefán Jarl Martin
Söluráðgjafi fasteigna
stefan@remax.is



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Hrísmóar 4 –Garðabæ.**
3ja herb. útsýnisíbúð með yfirbyggðum svölum.

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-19




83,4 fm. 3ja herb. íbúð á 4. hæð auk 23,0 fm. yfirbyggðra hornsvala. Eldhús með góðum borðkrók, 2 herbergi, sjónvarpshol og stofa/borðstofa með útsýni að Reykjanesi. Gólfhiti í svölum. Sér stæði í bílageymslu. **Stutt í alla þjónustu, heilsugæslu og skóla. Frábært útsýni. Verð 25,8 millj. Íbúðin verður til sýnis í dag, þriðjudag, frá kl. 17-19. Íbúð merkt 0402. Sölumaður verður á staðnum. Verið velkomin.**


# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu í Álftamýri fyrir reglusaman einstakling. Uppl. í s. 865 9637.

Til leigu tveggja herbergja 70 fm íbúð í vesturbæ Kópavogs til leigu fyrir reyklausa og reglusama leigendur. Upplýsingar í síma 864 0561. meðmæli óskast.

**Ódýr gisting**
Fallegar hótel íbúðir í Hafnarf. til leigu til lengri eða styttri tíma. Allur búnaður og internet. Uppl: 899 7004.

Til leigu 140fm. Parhús á 2 hæðum í vesturbæ kópavogs. Laus Strax. uppl. í s. 897 6350

Herb. til leigu í 111 m. aðgangi að eldhúsi, baðherb. & þvottah. v. 30þ. uppl. e. kl. 11 á mrg. s. 691 4730/857 6745.

## Húsnæði óskast

Óska eftir einstaklins íbúð í Grafarvogi frá 1. ágúst, september eða október fram á næsta vor leigugeta 50 þús á mánuði hef meðmæli ef óskað. Uppl. í síma 772 6658.

Par með 10 ára gamalt barn óskar eftir 3ja herb. íbúð til leigu helst á Seltjarnarnesi en 107 kemur einnig til greina. Skilvísar greiðslur, reglusöm, reyklaus. Uppl. S. 860 0262.

Óskum eftir 4-5 herb.íb í Hfj. Skilvísum greiðslum og góðri umgengi heitið. Góð meðmæli ef óskar er eftir. Uppl.S:8685349

Óska eftir stúdíó íbúð, helst í breiðholti, kóp. eða nágrenni. Er reglusöm, róleg, reyklaus stúlka við nám í FB. Greiðslugeta 50-60þ. S.777 4832

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu CA 10fm skrifstofuherb/ vinnuherb. í Skútuvogi, annarri hæð. 22þ. á mán. Hiti, rafmagn og ADSL innifalið. Uppl. í S. 864 1219

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

Gisting á Akureyri. Yndisleg fullbúin íbúð. 5 mín. gangur í miðbæ og sundlaug. S. 770 5018.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Óska eftir veglegu og vel með förnu skrifborði úr rauðviði (t.d. maghogany/ teak). Magnús, 696 4442.

## Dýrahald

ELD•HESTAR VOLCANO•HORSES

Hestaleigan Eldhestar óskar eftir hestum til kaups, leigu eða láns í sumar. Hestarnir þurfa að henta bæði byrjendum, sem og vönum hestamönnum. Þeir sem hafa upp á eitthvað að bjóða - vinsamlegast hafið samband í síma 896 4822.



Gullfallegir svartir dvergschnauzer hvolpar til sölu. Afhendast eftir miðjan júlí með ættbók frá Hrfí. Nánari upplýsingar í síma 8996555 og á kolskeggs@kolskeggs.is Sjá einnig myndir af hvolpunum á www.kolskeggs.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Cafe Bleu**

**Þjónn óskast!**
**Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði. Upplýsingar í S. 899 1965**

**Bakari / Kaffihús**
**Óskar eftir starfskrafti eftir hádegi og annan hvern laugardag. Ekki yngri en 20 ára, helst reyklaus. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 820 7370, Ragga eftir kl. 15**

**Starfsfólk óskast**
Til dreifingar á auglýsingabæklingum í miðborg Rvk. Enskukunnátta nauðsynleg. Föst laun+bónus. Uppl. í s. 869 1526.

**LAUS STÖRF HJÁ VEISLUNNI Á SELTJARNARNESI**
Óskum eftir að ráða konur á aldrinum 20 ára og eldri í 100 % starf, sem allra fyrst í smurbrauð fjölbreytt og skemmtilegt sumarstarf hjá Veislunni. sendið póst á andrea@veislan.is

Atvinna í Vestmannaeyjum Okkur vantar hresst fólk í vinnu við afgreiðslustörf og þjónustu í sal í elsta og helsta Bakaríi Vestmannaeyja. Upplýsingar veitir Bergur 8982466. Vilberg Kökuhús

Bílstjóri óskast til starfa. Meirapróf ekki nauðsynlegt. - buslodir@gmail.com.

## Tilkynningar

**Deiliskipulagskynning**
**- íbúafundur-**

Haldinn verður íbúafundur til að kynna deiliskipulag Brautarholt 1 Kjalarnes - golfvöllur í Fólkvangi á Kjalarnesi
Þann 11. júlí kl. 16.00

## Útboð

Sveitarfélagið ÁRBORG

**ÚTBOÐ**

**Sveitarfélagið Árborg óskar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í útboði á skólaakstri fyrir grunnskóla Árborgar og akstur í vettvangsferðir nemenda í grunn- og leikskólum Árborgar ásamt akstri fyrir ferðaþjónustu fatlaðra og notendur dagdvalar aldraðra.**

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 5.000 frá 1. júlí 2011 í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss.

Tilboðum skal skila eigi síðar en kl. 14:00 þann 5. ágúst 2011 í Ráðhús Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss.

Sveitarfélagið Árborg

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringin.


AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.



AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 , gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432, gsm 6924700
sigridurh@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001 - 2011
FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.

vísir

# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Lárus og Stefanía létu langþráðan draum rætast árið 2003 um búskap í sveit og keyptu Garðyrkjustöðina Reykjaflöt. Þar sinna þau garðyrkjunni af natni og sérhæfa sig í ræktun paprikna. Lárus og Stefanía vinna hlið við hlið við ræktunina og á sumrin vinna börnin þeirra þrjú einnig á staðnum.



ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 06/10 - Ljósmyndir: Hari



## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sælgæti, **6.** skammstöfun, **8.** sægur, **9.** aur, **11.** gyltu, **12.** báts, **14.** teygjudýr, **16.** pípa, **17.** ferð, **18.** óðagot, **20.** stöðug hreyfing, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slitrótt tal, **3.** kringum, **4.** spörfugl, **5.** húsfreyja, **7.** læstur, **10.** pili, **13.** fálm, **15.** ögn, **16.** þjálfa, **19.** tvö þúsund.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** al, **8.** mor, **9.** for, **11.** sú, **12.** skips, **14.** amaba, **16.** æð, **17.** túr, **18.** fum, **20.** ið, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** um, **4.** fossbúi, **5.** frú, **7.** lokaður, **10.** rím, **13.** pat, **15.** arða, **16.** æfa, **19.** mm.





**MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:**

GRÍÐARLEG TÆKIFÆRI Í VETRARFERÐAMENNSKU

HVERSU MIKIÐ ER AÐ MARKA VIÐHORF STJÓRNENDA Í ATVINNULÍFINU?

ER NÝ NETBÓLA AÐ BLÁSA ÚT?

**MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN!**




Allt sem þú þarft


# Vídeóleigulýðræðið

**BAKÞANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Að horfa á myndband er góð skemmtun. Um þau einföldu sannindi ætti enginn að velkjast í vafa. Að velja myndbandið getur hins vegar verið þrautin þyngri.

**ÓSJALDAN** hefur dvöl á vídeóleigu snúist upp í erfiðar samningaviðræður. Það er kannski ekki frágangssök ef maður er einn á ferð, en því fleiri sem eru með í för því erfiðara verður valið. Allir hafa sína skoðun, einhver er búinn að sjá þessa mynd, hefur ekki áhuga á hinni akkúrat núna, þó svo viðkomandi væri jafnvel til í að horfa á hana síðar.

**BEINT** lýðræði er mikið í umræðunni núna og stjórnlagaráð ræðir hugmyndir um hvernig auka megi það. Boðorð dagsins er að kjósa eigi beint um flest mál og þeir sem tala gegn því eru handbendi hins staðnaða valds. Líklega mun einhver telja þennan pistil því marki brenndan, enda býður umræðuhefðin í dag ekki upp á ígrundaðar rökræður þar sem menn taka afstöðu með eða á móti. Upphrópanir og sleggjudómar eru algengari, veltirðu einhverju upp talar þú augljóslega fyrir ákveðnum hagsmunum.

**RAUNIN** er hins vegar sú að lýðræði er vandmeðfarinn hlutur, raunar svo vandmeðfarinn að séu brotalamir á er betur heima setið en af stað farið. Versta mögulega útkoma úr auknu beinu lýðræði yrði einhvers konar vídeóleigulýðræði þar sem sameiginleg niðurstaða stýrist frekar af fjölda þeirra sem vilja spennumyndir, eða hve margir í hópnum eru þunnir og vilja heilalausa gamanmynd.

**ÞETTA** sést vel á þeim sveiflum sem reglulega verða í afstöðu þjóðarinnar. Fyrir um það bil ári vildi þjóðin, samkvæmt slíkum könnunum, ákæra fjóra ráðherrra vegna bankahrunsins. Nú vill þjóðin draga ákæru til baka á þann eina sem var kærður. Fyrir skömmu vildi þjóðin að viðræðum við Evrópusambandið yrði lokið og niðurstaða síðan borin undir þjóðina sjálfa. Nú vill þjóðin hætta viðræðum og snúa sér að einhverju öðru. Niðurstaða skoðanakannana ræðst líka af því hvernig spurningar eru orðaðar og stundum er sagt að hægt sé að fá hvaða niðurstöðu sem óskað er eftir.

**ÞJÓÐARSÁLIN,** sé hún til, er hviklynd. Það er að mörgu leyti hið besta mál, ekki viljum við verða stöðnuð í einhverjum fyrirframgefnum skorðum. Stór og flókin mál sem leggja línurnar fyrir framtíð innbyggjara þessa lands næstu árin og áratugina mega hins vegar ekki ráðast af stundarhagsmunum misgáfaðrar umræðu. Eitt í dag og annað á morgun.

**LÝÐRÆÐIÐ** getur verið áhrifamikið tæki sé það notað á réttan hátt. Hver sem niðurstaðan verður í framtíðinni, þarf að huga að því hvernig það tæki er notað. Annars endum við með málamiðlun um Steven Seagal-mynd sem engan í raun langaði að sjá.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is












# Í ÖRMUM DRAUMS

Tónlist ★★★★

**Sumartónleikar í Skálholti**

Verk eftir Bach og Hafliða Hallgrímsson

**Skálholt**

Kannski eru lummurnar það besta við Sumartónleika í Skálholti. Á milli tónleikanna á laugardögum er boðið upp á hlaðborð er samanstendur af þjóðlegu bakkelsi og lummurnar eru meðal kræsinganna. Með lummunum fylgir sulta – krækiberjasulta að því er ég held – og hún er ótrúlega góð.

Maður fer sem sagt ekki bara í Skálholt á sumrin til að hlusta á músík. Það er öll stemningin í kringum tónleikana sem er svo skemmtileg. Hlaðborðið á milli tónleikanna er jú frábært, og svo eitthvað heillandi við kirkjuna þar sem tónleikarnir fara fram. Hún er falleg, og kemur margt til. Þokukennd, nánast barnsleg mósaík-altaristafla Nínu Tryggvadóttur er sjarmerandi. Marglitu gluggarnir, sem voru teiknaðir af Gerði Helgadóttur (en eru dönsk gjöf) skapa sömuleiðis notalegt andrúmsloft. Svo er hljómburðurinn frábær.

Eitt það helsta sem einkennir tónleikana í Skálholti er að það kostar ekkert inn á þá. Svo er bannað að klappa. Áheyrendur sýna virðingu sína við tónleikahaldara með því að standa á fætur eftir tónleika. Það er auðvitað ekki það sama og að láta mismikla hrifingu sína í ljós með lófaklappi. Tónleikagestir fá þannig ekki að gagnrýna! Ég hef aldrei skilið þetta almennilega. Kannski eru það leifar af þeim hugsunarhætti að ekki mátti gagnrýna neitt sem fram fór í kirkjunni. Sem er ekki svo langt síðan, að því er virðist.

Á laugardaginn hófust Sumartónleikarnir í ár. Fyrsta verkið á efnisskránni var eftir Hafliða Hallgrímsson og var tileinkað Helgu Ingólfsdóttur semballeikara. Hún stofnaði Sumartónleikana árið 1975 og var listrænn stjórnandi þeirra til ársins 2004. Verkið, Í örmum draums, með undirtitlinum Sónhenda (sonnetta) LXXVII, við texta Michelangelos Buonaroti, sem hér var frumflutt, var hrífandi. Það var flutt af kórnum Schola Cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar. Laglínurnar voru einfaldar, margar í gangi á sama tíma. Samsöngurinn myndaði sérkennilega hljóma sem voru framandi, en ávallt fagrir. Yfirbragð verksins var látlaust, engir dramatískir hápunktar, bara afslappað flæði sem skapaði mergjað andrúmsloft. Kórsöngurinn var líka flottur, tær og í góðu jafnvægi.

Hinar tónsmíðarnar voru eftir Bach. Þetta voru tvær mótettur (BWV 226 og BWV 225) og ein kantata (BWV 156). Fyrir þá sem ekki vita er aðalmunurinn á kantötu og mótettu – í mjög einfölduðu máli – að mótettan er sungin en kantatan er sungin með undirleik. Sem fyrr var kórinn fínn, en einsöngvararnir kannski ekki alveg eins fínir. Þetta voru þau Elfa Margrét Ingvadóttir, Guðrún Edda Gunnarsdóttir og Benedikt Ingólfsson. Sjálfsagt má skrifa það að mestu á taugaóstyrk.

Í hljóðfæradeildinni í kantötunni bar mest á einleik Diego Nadra óbóleikara, sem var áferðarfallegur, en einstöku sinnum eilítið óöruggur. Leikur hljómsveitarinnar, nokkurra félaga úr Alþjóðlegu barokksveitinni í Haag, var þó góður í það heila og prýðilega samtaka.

Þetta voru skemmtilegir tónleikar. Upp úr stendur verk Hafliða, sem ég myndi gjarnan vilja heyra aftur. Upptaka kemur vonandi út fljótlega.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Fín byrjun á Sumartónleikum í Skálholti. Sérlega heillandi tónsmíð eftir Hafliða Hallgrímsson. Kórsöngurinn var fallegur.



**STÓRSVEIT SUÐURLANDS** Leikur á aðaltónleikum djasshátíðarinnar að Skógum á laugardag.

# Djass undir fjöllum

Djasshátíðin Jazz undir fjöllum verður haldin í áttunda sinn að Skógum undir Eyjafjöllum laugardaginn 9. júlí. Fimm tónleikar verða á hátíðinni í ár en þemað er sunnlenskur djass og tengjast öll atriðin sunnlenskum djasstónlistarmönnum.

Á aðaltónleikum hátíðarinnar í félagsheimilinu Fossbúð á laugardag leikur Stórsveit Suðurlands undir stjórn Selfyssingsins Vignis Þórs Stefánssonar fjölbreytta dagskrá. Þrír sunnlenskir söngvarar koma fram með sveitinni: Kristjana Stefánsdóttir, Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir og Gísli Stefánsson. Allir meðlimir hljómsveitarinnar eru frá Suðurlandi eða búsettir þar.

Í Skógakaffi kemur fram stór hópur tónlistarmanna á laugardaginn, þar á meðal kontrabassaleikararnir Ólafur Stolzenwald og Jón Rafnsson, trompetleikarinn Birkir Freyr Matthíasson og píanóleikarinn Vignir Þór Stefánsson.

Aðstandendur hátíðarinnar eru Byggðasafnið í Skógum og Sigurður Flosason saxófónleikari, sem er jafnframt listrænn stjórnandi hennar.

Aðgangur er ókeypis í Skógakaffi, en aðgangseyrir er kr. 1.500 í Fossbúð.

# Voces Thules syngja í Þingvallakirkju

**Miðaldasönghópurinn Voces Thules mun sjá um tónlistina á fjórðu og síðustu tónleikum í tónleikaröðinni „Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju“. Fimmmenningarnir í Voces Thules munu þá flytja andleg og veraldleg lög allt frá Sturlungaöld til endurreisnartímans. Tónleikarnir hefjast klukkan átta í kvöld og standa í tæpa klukkustund. Aðgangur er ókeypis en tekið við framlögum við kirkjudyr.**

**Gestir eru beðnir um að leggja bílum sínum við Flosagjá og rölta síðasta spölinn.**



**ÞINGVALLAKIRKJA** Miðaldatónlist Voces Thules mun óma í kirkjunni í kvöld.

Ford

*Nýtt tákn um gæði*

## Nýr Ford Focus

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,7 lítra á hundraðið** frá Akureyri

*Verð frá 3.350.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík — Visthæfur bíll



*Vertu í hópi þeirra bestu.*
*Veldu Ford.*

### Gerðu samanburð

# Kveiktu á sparneytni

## sjáðu nýja bíla frá Ford

Tíminn líður hratt. Hagkvæmir eiginleikar Ford mæta þörfum nútímans. Ford leggur í stæði sjálfur. Ford fær frítt í stæði. Ford verndar þig og þína. Ford passar budduna þína. Ford bílar létta þér lífið. Kveiktu á hagkvæmum eiginleikum Ford. Fáðu að vita meira um gegnheila og einlæga hönnun Ford.

**Opið í dag**
**Bíldshöfða 6**
**milli kl. 9 og 17**

*Komdu í Brimborg í dag*

Komdu í Brimborg í dag. Reynsluaktu nýjum Ford.





*Nýtt - spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár*



## Nýr Ford Kuga AWD

Kauptu bíl sem notar aðeins **5,1 lítra á hundraðið** til Ísafjarðar

*Verð frá 5.690.000 kr.*

## Nýr Ford Fiesta

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,2 lítra á hundraðið** frá Selfossi

*Verð frá 2.350.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík — Visthæfur bíll

## Nýr Ford Mondeo

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,9 lítra á hundraðið** til Hafnar

*Verð frá 4.340.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík — Visthæfur bíll

**visthæf skref**
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

**Komdu í Brimborg í dag milli kl. 9 og 17**

*Venjulegt íslenskt fjölskyldufyrirtæki í 47 ár*

**brimborg**

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.










SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 3D | KL. 5 - 8 - 10.10 - 11 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 | L |
| SUPER 8 | KL. 5.40 | 12 |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.40 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 2D | KL. 3.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 | L |
| PAUL | KL. 8 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 10.10 | 12 |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

| | | |
|---|---|---|
| BAD TEACHER | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 6 - 8 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 10 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| TRANSFORMERS 3 | 4, 7 og 10(POWER) |
| BAD TEACHER | 6 og 8 |
| BRIDESMAIDS | 4, 6.30, 9 og 10 |
| KUNG FU PANDA 2 3D | 4 - ISL TAL |

SAMBÍÓIN










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 í 3D kl. 5 - 8 - 10 | | 12 |
| TRANSFORMERS 3 í 2D kl. 5 - 8 | | VIP |
| BEASTLY | kl. 8 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 kl. 8 - 10:20 | | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 í 2D kl. 5 - 8 - 10:40 | | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 | kl. 6 - 9 | 12 |
| BEASTLY | kl. 6 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 3D kl. 4.45 - 6.45 - 8 - 10 - 11:15 | | 12 |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS | kl. 5.30 - 8 | L |
| HANGOVER PART II | kl. 10.20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 4.45 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 5 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 í 3D | kl. 6 - 8 - 9 (Power kl.11:10) | 12 |
| BEASTLY | kl. 6 - 10:20 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 kl. 5 - 8 - 11:10 (Power kl.11:10) | | 12 |
| BRIDESMAIDS | kl. 8 | 12 |
| SUPER 8 | kl. 10:30 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 sl tal | kl. 6 | L |


# Forstjóri CCP skammaður

Forsvarsmenn tölvuleikjafyrirtækisins CCP og hinir svokölluðu CSM-leiðtogar EVE Online-tölvuleiksins sendu í gær frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem atburðir síðustu daga eru harmaðir. Í sérstakri yfirlýsingu CSM-leiðtoganna er tölvupóstur frá framkvæmdastjóra CCP, Hilmari Veigari Péturssyni, fordæmdur – hann hafi verið úr öllum tengslum við EVE Online-samfélagið. „Við skiljum vel þá leikmenn sem fannst pósturinn óviðeigandi og móðgandi."

Eins og Fréttablaðið greindi frá urðu notendur EVE Online-tölvuleikjaheimsins æfir þegar innanhúsbréfi frá CCP var lekið á netið. Þar var viðraður sá möguleiki að setja í sölu hluti sem gætu haft áhrif á gang leiksins. Leikmenn gætu keypt sér tæki og tól sem aðrir leikmenn hefðu eytt ómældum tíma í að byggja upp. Yfir fimm þúsund áskrifendur hótuðu að loka aðgangi sínum að tölvuleiknum en slíkt hefði þýtt tap upp á rúmlega hundrað milljónir íslenskra króna.

CSM-leiðtogarnir og forsvarsmenn CCP funduðu um helgina og samkvæmt fréttatilkynningunni var málið stormur í vatnsglasi. „Þarna blönduðust saman í einum potti örðugleikar í samskiptum, lélegt skipulag og einskær óheppni," segir í tilkynningunni. Jafnframt kemur fram að ekki standi til að setja „mikilvæga" hluti í sölu heldur eigi vefverslunin eingöngu að þjóna hégóma leikmanna. **- fgg**



**MÓÐGANDI** Póstur sem framkvæmdarstjóri CCP, Hilmar Veigar Pétursson, sendi þykir hafa verið móðgandi og óviðeigandi gagnvart notendum EVE Online.

# … og þá var kátt í höllinni

**Einn frægasti kvennabósi heims, Albert prins, gekk að eiga sunddrottninguna Charlene Wittstock á laugardaginn við hátíðlega athöfn. Varla varð þverfótað fyrir fyrirmönnum í smáríkinu Mónakó þegar hjónavígslan fór fram en meðal gesta voru íslensku forsetahjónin Ólafur Ragnar og Dorrit Moussaieff.**

Albert prins er sá maður sem kemst næst því að teljast Casanova nútímans, slíkur er fjöldi ástkvenna hans. Franskir fjölmiðlar voru uppfullir af fréttum fyrir og eftir brúðkaupið um að kvensemi í fortíð prinsins væri þrándur í götu hjónabandsins og Le Journal du Dimanche birti magnaða frásögn af því að Wittstock hefði þrívegis reynt að flýja af hólmi; í París þegar hún átti að máta brúðarkjólinn, þegar Formúlu 1-keppnin fór fram í furstaríkinu og loks viku áður en athöfnin átti að fara fram. En alltaf hefði prinsinum eða starfsfólki hans tekist að sannfæra frú Wittstock um að gefast ekki upp. Ekkert fararsnið virtist hins vegar vera á brúðinni þegar hún var gefin Alberti, hún þótti þvert á móti glæsileg í Armani-kjólnum sínum.

**freyrgigja@frettabladid.is**



Það var mikil reisn og virðuleiki yfir athöfninni þegar Albert prins kvæntist Charlene Wittstock.



Albert prins og Karl Gústaf Svíkonungur eiga eitt sameiginlegt; þeir hafa sjaldan verið við eina fjölina felldir. Silvia drottning mætti með manni sínum í brúðkaupið þrátt fyrir allt sem á undan er gengið.



Það var stíll yfir Karli Lagerfeld að vanda.

NORDICPHOTOS/AFP



Roger Moore og eiginkona hans, Kristina Tholstrup, voru glæsileg í Mónakó.



Íslensku forsetahjónin voru glæsileg þegar þau mættu í athöfnina í Mónakó.





BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS



# WORLD PRESS PHOTO 11

## 16. júní - 7. júlí í Kringlunni

Sýning á bestu fréttaljósmyndum ársins 2010.

***SÍÐUSTU DAGAR SÝNINGARINNAR***

Kringlan NÝHERJI FRÉTTABLAÐIÐ JÓNSSON & LE'MACKS TNT Canon

# sport

sport@frettabladid.is



**Á FÖRUM** Argentínski landsliðsmaðurinn í fótbolta, Carlos Tevez, gaf í gærkvöld út þá yfirlýsingu að hann vilji yfirgefa herbúðir enska bikarmeistaraliðsins Manchester City. Tevez vill vera nær dætrum sínum, en fjölskylda hans er í Argentínu. „Ég hef greint Manchester City frá ákvörðun minni, að ég vilji fara frá félaginu, það geri ég með mikilli eftirsjá,“ sagði Tevez í yfirlýsingunni en allt frá því í desember á síðasta ári hefur orðrómur um þetta verið í gangi.



**GÓÐUR** Björn Bergmann Sigurðarson stendur sig í Noregi.

Ofarlega á lista hjá VG:

## Björn Bergmann stendur sig í vinnunni

**FÓTBOLTI** Björn Bergmann Sigurðarson, leikmaður U21 árs landsliðs Íslands, stendur sig vel í vinnunni hjá norska úrvalsdeildarliðinu Lilleström. Björn Bergmann er í fjórða sæti á lista yfir þá sem hafa fengið hæstu einkunn að meðaltali í leik í deildinni og hann er í efsta sæti á stoðsendingalistanum. Alls hefur Björn leikið 13 leiki í deildarkeppninni á þessari leiktíð. Hann hefur fengið 5,85 í einkunn hjá Verdens Gang í þeim leikjum að meðaltali og eflaust þykir mörgum það ekki há einkunn. Norsku blaðamennirnir eru hins vegar með mjög strangar reglur í þessum efnum og sá sem er efstur á listanum er með 6,18 að meðaltali. Björn, sem er aðeins tvítugur, hefur gefið 6 stoðsendingar í 13 leikjum og alls hefur hann skorað 4 mörk.

Björn var leikmaður ÍA á Akranesi áður en hann fór til Lilleström árið 2009. Bræður hans þrír hafa allir leikið sem atvinnumenn, Þórður Guðjónsson, Bjarni Guðjónsson og Jóhannes Karl Guðjónsson.

Veigar Páll Gunnarsson leikmaður Stabæk er markahæsti íslenski leikmaðurinn í deildinni með 6 mörk en Anthony Ujah liðsfélagi Björns hjá Lillestrøm er markahæstur með 13 mörk. - seth



**MARKAHÆSTUR** Robinho er markahæsti leikmaður Brasilíu en hann á enn eftir að skora í Argentínu.

Copa America í Argentínu:

## Stóru þjóðirnar eru í tómu basli

**FÓTBOLTI** Marcelo Ramón Ferrero átti stórleik í marki Ekvador í markalausu jafntefli gegn Paragvæ þegar liðin áttust við í riðlakeppni Copa America í fyrrakvöld. Brasilía og Venesúela gerðu einnig markalaust jafntefli. Þetta er í fyrsta sinn í 58 ár sem tveimur leikjum dagsins lýkur markalausum.

Argentína, Brasilía og nú Paragvæ hafa öll lent í tómu basli gegn minniháttar andstæðingum. Þá vann Kólumbía aðeins eins marks sigur gegn Kostaríka. Sparkspekingar keppast við að gagnrýna stórstjörnur stóru liðanna en sumir benda á aðrar ástæður. Suðuramerísk knattspyrna hafi aldrei verið sterkari auk þess sem vallaraðstæður í Argentínu komi niður á spilamennsku sterkari liðanna. - ktd

# FEÐGAR MUNU BERJAST Á ÍSAFIRÐI

**KR sækir BÍ/Bolungarvík heim á Ísafjörð og Eyjamenn heimsækja Þórsara í undanúrslitum Valitor-bikars karla. Í kvennaflokki fara bikarmeistarar Vals í Mosfellsbæ og Fylkir tekur á móti KR í Árbænum.**




**SÖGULEGUR DRÁTTUR** Guðjón Þórðarson brosti út að eyrum þegar ljóst var að hans menn fengju KR-inga í heimsókn á Ísafjörð. Þetta er í fyrsta skipti sem BÍ/Bolungarvík kemst í undanúrslit keppninnar. Guðjón gerði KR tvívegis að bikarmeisturum á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Andrúmsloftið var rafmagnað í höfuðstöðvum KSÍ í gær þegar Guðjón Þórðarson þjálfari BÍ/Bolungarvíkur dró mótherja sína í undanúrslitum Valitor-bikars karla upp úr hattinum.

„Bjarni, þetta verður eins og þig dreymdi,“ sagði Guðjón við góðar undirtektir viðstaddra. Ljóst var að KR myndi sækja Vestfirðinga heim.

Guðjón segir fegurðina við fótboltann þá að alltaf sé möguleiki og í öllum leikjum felist tækifæri. „Í bikarnum er þetta spurning um augnablikið, dagsformið og stillinguna sem maður nær að draga inn í augnablikið,“ sagði Guðjón. „Þetta er stærsta verkefnið sem BÍ/Bolungarvík hefur tekist á við. Það er tilhlökkun að fá þetta verkefni og takast á við það,“ bætti Guðjón við.

Annað árið í röð verða undanúrslitin spiluð á heimavöllum liðanna en ekki á Laugardalsvelli eins og gert var um tíma. Bjarni Guðjónsson fyrirliði KR er mjög ánægður með það fyrirkomulag.

„Laugardalsvöllur er svo leiðinlegur. Það á ekki að spila hérna nema það sé fullt í stúkunni. Ég fagnaði því mjög þegar þessu var breytt á síðasta ári. Það er ekki það mikið af fólki sem mætir á undanúrslitin. Úrslitaleikurinn rétt nær að bera það að spila hérna,“ sagði Bjarni.

Í hinni viðureigninni tekur Þór á móti ÍBV á Akureyri. Liðin áttust við í deildinni á sama stað í síðasta mánuði þar sem Þórsarar komu á óvart og höfðu sigur. Heimir Hallgrímsson þjálfari ÍBV var þokkalega sáttur við dráttinn.

„Ég held að engan hafi langað á Ísafjörð, enginn vildi fara norður og enginn vildi mæta KR. Við getum ekki verið svekktir yfir þessu en auðvitað vildum við fá heimaleik. Við fórum þangað fyrir ekki svo löngu og töpuðum. Ég vona að sá tapleikur sitji svolítið í mínum mönnum,“ sagði Heimir Hallgrímsson þjálfari ÍBV.

Í kvennaflokki tekur Afturelding á móti bikarmeisturum Vals sem eru ósigraðir í sumar. Gunnar Borgþórsson þjálfari liðsins segir að stelpurnar ætli sér að vinna tvöfalt í ár.

„Við erum búin að gefa það út að það sé markmið okkar. Vinna þessa tvo titla og halda þeim á Hlíðarenda,“ sagði Gunnar.

Í hinni viðureigninni tekur Fylkir á móti KR í Árbænum. Liðin mættust í deildinni í síðustu viku þar sem Fylkir hafði 1-0 sigur í hörkuleik.

Leikirnir í kvennaflokki fara fram 22. júlí. Leikirnir í karlaflokki eru áætlaðir 28. júlí. Líklega verður tímasetningu annars leiksins hnikað til um einn dag svo hægt verði að sýna þá báða í beinni útsendingu.

kolbeinntd@365.is

Landsliðsframherjinn samdi við hollenska meistaraliðið Ajax til fjögurra ára og leikur í níunni:

# Kolbeinn fetar í fótspor Van Basten

**FÓTBOLTI** „Ég tel Ajax vera eitt stærsta félag í Evrópu og jafnvel í heiminum. Þetta er stórt tækifæri fyrir mig að spila fyrir svona sögufrægt félag,“ segir Kolbeinn Sigþórsson. Kolbeinn skrifaði undir fjögurra ára samning við hollensku meistaranna í gær en kaupverðið er talið vera um fjórar milljónir evra.

Kolbeini var úthlutað treyju númer níu en ófáar knattspyrnustjörnurnar hafa klæðst treyjunni hjá Ajax í gegnum tíðina. Nægir að nefna Patrick Kluivert, Zlatan Ibrahimovic að ógleymdum Marco Van Basten.

„Það hafa margir sögufrægir leikmenn spilað í níunni og gert gott mót í henni. Það er pressa og mikil ábyrgð sem fylgir því. En það er það sem ég leitast eftir. Að spila um titla, skora mörk og gera góða hluti fyrir Ajax,“ segir Kolbeinn.

Ajax er stærsta félag hollenskrar knattspyrnu og sigursælt í Evrópukeppnum. Félagið hefur 30 sinnum orðið hollenskur meistari og unnið alla Evróputitlana. Með Johan Cruyff innanborðs vann félagið Evrópukeppni Meistaraliða þrjú ár í röð á 8. áratugnum. Gullaldarlið félagsins stóð uppi sem sigurvegari í Meistaradeild Evrópu árið 1995.

Í þjálfarateymi Ajax eru margir fyrrum atvinnumenn sem Kolbeinn telur að muni hjálpa honum að bæta sig sem leikmaður.

„Þetta er náttúrulega draumur að rætast. Þetta eru fyrrum leikmenn sem eru þekktir um víðan heim. Að fá þjálfara eins og Frank De Boer og Dennis Bergkamp, sem þjálfar framherjana og er aðstoðarþjálfari, er frábært fyrir mig sem einstakling og hjálpar mér að bæta mig,“ segir Kolbeinn sem skoraði 15 mörk í deildinni á síðasta tímabili.

Félagaskipti Kolbeins frá AZ Alkmaar til Ajax hafa verið í burðarliðnum í þó nokkurn tíma. Hann frétti fyrst af því að félögin hefðu komist að samkomulagi þar sem hann var við veiðar í Rangá. Að loknum döprum veiðdegi hringdi Andri bróðir hans og umboðsmaður í hann og færði honum gleðitíðindin.

„Ég veiddi ekki mikið í Ranganni, hún var skítug eftir gosið og ég kenni því alfarið um að hafa ekki fengið neinn lax. Það sást ekki í botninn. Þetta var það allra jákvæðasta við kvöldið, að fá símtal um að þetta væri klappað og klárt. Bjargaði veiðideginum,“ sagði Kolbeinn í léttum tón.

Kolbeinn gekk til liðs við AZ Alkmaar sumarið 2007. Skömmu eftir komuna lenti hann í erfiðum meiðslum sem tók hann tvö ár að hrista af sér. Hann segir mikilvægt að hafa haft trú á því svo ungur að árum að geta komið til baka eftir meiðslin. Nú sé ljúft að líta um öxl.

Íslendingar munu ef að líkum lætur geta fylgst vel með Kolbeini á næsta tímabili í Meistaradeild Evrópu.

„Auðvitað er heillandi að fá að spila í Meistaradeildinni. Við förum beint inn í riðlakeppninni. Ajax ætlar aftur á toppinn í Evrópu eins og fyrir fimmtán árum. Það eru spennandi tímar fram undan hjá félaginu og ég vil vera með í því,“ sagði Kolbeinn að lokum.

Kolbeinn ætlar að slappa af á Íslandi í nokkra daga en mætir til æfinga til Ajax á mánudag. Liðið heldur í æfingaferð til Þýskalands en keppni í hollensku deildinni hefst í upphafi ágústmánaðar.

kolbeinntd@365.is




**DRAUMURINN RÆTTIST** Kolbeinn Sigþórsson verður í treyju nr. 9 hjá Ajax líkt og Marco Van Basten og Zlatan Ibrahimovich gerðu á sínum tíma.

### Ajax er 111 ára gamalt stórveldi

Ajax á sér langa sögu sem fótboltalið en félagið var stofnað þann 18. mars árið 1900 og fagnaði því 111 ára afmæli sínu fyrr á þessu ári. Heimavöllur liðsins er Amsterdam Arena og tekur völlurinn rétt um 53.000 áhorfendur.

Margir af þekktustu knattspyrnumönnum Hollands hafa komið upp úr yngri flokkum Ajax en félagið hefur lagt mikla áherslu á það starf allt frá upphafi. Má þar nefna: Johan Cruijff, Edwin van der Sar, Dennis Bergkamp, Patrick Kluivert, Marco van Basten. Þessir eru án efa þeir þekktustu en einnig má nefna þá Ryan Babel, Wesley Sneijder, Rafael van der Vaart, Maarten Stekelenburg, Eljero Elia, André Ooijer, John Heitinga og Nigel de Jong. Félagið hefur unnið hollenska meistaratitilinn alls 30 sinnum, þar af þrívegis á þessari öld, 2001-02, 2003-04 og 2010-11. Ajax hefur einnig unnið bikarkeppnina í Hollandi alls 18 sinnum.


adidas is all in
adidas
facebook.com/adidasisland

## > Charlize Theron

„Ég hef verið að vinna mikið og finnst það frábært. Það er erfitt fyrir mig að sleppa verkefnum því ég fæ að leika með svo frábæru fólki.“

***Charlize Theron leikur í kvikmyndinni Hancock, sem fjallar um óvinsæla ofurhetju sem leitar til kynningarfulltrúa til að vinna traust almennings á ný og er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FLETTIR Í GEGNUM LEIGUNA

# *Framandi og freistandi*

Lengi öfundaði ég fólkið sem gat leigt myndir í gegnum sjónvarpið með einum smelli. Ég lét mig dreyma um slíka tæknibyltingu sem mér þótti helst eiga heima í bíómynd á borð við Back to the future. Að hugsa sér, að sitja heima yfir grútleiðinlegri sjónvarpsdagskrá og geta á örfáum sekúndum horfið inn í ævintýraheim kvikmyndanna. Þvílíkur munaður.

Þegar ég flutti á dögunum og í ljós kom að ekki var annað í boði en ljósleiðari í nýja húsinu þóttist ég himin höndum hafa tekið. Nú fengi ég draum minn uppfylltan og sá ljóslifandi fyrir mér skemmtileg vídeókvöld á hverjum degi.



**DESPÓ** Erlendir þættir á RÚV eru ekki á Leigunni.

Ég ætlaði að safna birgðum af poppi og sjá allt það sem ég hef misst af í gegnum tíðina. Ég var hins vegar ekki búin að átta mig á því að galli fylgir gjöf Njarðar. Fyrstu dagana skemmti ég mér afar vel við að fletta í gegnum leiguna og skoða hvað væri í boði. Sumt var frítt, flest þó ekki, sérstaklega ekki það sem vert var að skoða.

Á endanum leigði ég ekkert. Spilaði þar bæði inn í nískupúkinn í sjálfri mér sem gerði sér grein fyrir að 300 til 500 krónur á dag gera ansi marga þúsundkalla á símreikningnum í lok mánaðar, en einnig valkvíðinn sem gerði mér ómögulegt að velja eitthvað eitt fram yfir annað.

Leigan er þó að mörgu leyti afar sniðug, sérstaklega þegar maður missir af góðum þáttum á Stöð 2. Þá getur maður horft á síðar án endurgjalds. Það sem mætti hins vegar stórlega bæta er aðgengi að þáttum á RÚV, þar er einungis hægt að skoða fréttir og valda íslenska þætti, en ekki erlent sjónvarpsefni á borð við Despó. Þætti mér ráð að bæta úr því.

## RÚV

**16.40 Leiðarljós**

**17.20 Tóti og Patti** (13:52)

**17.31 Þakbúarnir** (12:52)

**17.43 Skúli skelfir** (47:52)

**17.54 Jimmy Tvískór** (6:13)

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Gulli byggir** (1:6) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Að duga eða drepast** (31:31) (Make It or Break It)

**20.20 Naglinn** Leikin stuttmynd eftir Benedikt Erlingsson. Róbert er mikilvægur maður sem ber mikla ábyrgð. Dag nokkurn lendir hann í slysi sem dregur fram villidýrið innra með honum. Róbert fær útrás fyrir tilfinningar sínar og þarf að taka afleiðingum þess.

**20.40 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.

**21.25 Golf á Íslandi**

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Þögnin** (4:4) (The Silence) Bresk sakamálaþáttaröð. Heyrnarlaus stúlka verður vitni að morði á lögreglukonu í Bristol og í ljós kemur að fíkniefnalögreglan er viðriðin málið.

**23.25 Sönnunargögn** (1:13) (Body of Proof) (e)

**00.10 Fréttir** (e)

**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Picture This**

**10.00 What Happens in Vegas...**

**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

**14.00 Picture This**

**16.00 What Happens in Vegas...**

**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

**20.00 Hancock**

**22.00 The Hitcher**

**00.00 Wanted**

**02.00 A Raisin in the Sun**

**04.10 The Hitcher**

**06.00 Fracture**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.10 Monk** (1:16)

**10.55 Wonder Years** (1:23)

**11.20 Office** (3:6)

**11.50 Burn Notice** (14:16)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 American Idol** (22:43)

**14.20 American Idol** (23:43)

**15.00 Sjáðu**

**15.30 Strumparnir**

**15.55 Camp Lazlo**

**16.20 Ben 10**

**16.40 Stuðboltastelpurnar**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (14:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (17:24)

**19.35 Modern Family** (14:24)

**20.00 Modern Family** (24:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar fimm manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna og svo pars af ólíkum uppruna.

**20.25 The Big Bang Theory** (14:23)

**20.50 How I Met Your Mother** (15:24)

**21.15 Bones** (15:23)

**22.00 Entourage** (2:12)

**22.25 Bored to death** (5:8)

**22.55 Daily Show: Global Edition**

**23.20 Gossip Girl** (20:22)

**00.05 Off the Map** (4:13)

**00.50 The Ex List** (11:13)

**01.35 Ghost Whisperer** (16:22)

**02.20 NCIS: Los Angeles** (10:24)

**03.05 Eleventh Hour** (10:18)

**03.50 Nip/Tuck** (4:19)

**04.30 The Deep End** (4:6)

**05.15 Modern Family** (24:24)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.05 Valitor-mörkin 2011** Sýnd mörkin og öll umdeildu atvikin í leikjunum í Valitor-bikarkeppni karla í knattspyrnu.

**18.45 Grillhúsmótið** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.

**19.20 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Man. Utd.** Útsending frá leik Chelsea og Manchester United í Meistaradeild Evrópu. Þetta er fyrri leikur liðanna í 8 liða úrslitum.

**21.05 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífsstíl og matarmennsku í veiði.

**21.35 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

**22.25 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik Manchester United og Chelsea í Meistaradeild Evrópu. Þetta er seinni leikur liðanna í 8 liða úrslitum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Úrúgvæ - Perú** Útsending frá leik Úrúgvæ og Perú í Copa America 2011.

**18.00 Úrúgvæ - Perú** Útsending frá leik Úrúgvæ og Perú í Copa America 2011.

**19.45 Chile - Mexíkó** Útsending frá leik Chile og Mexíkó í Copa America 2011.

**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

**22.00 Úrúgvæ - Perú** Útsending frá leik Úrúgvæ og Perú í Copa America 2011.

**23.45 Chile - Mexíkó** Útsending frá leik Chile og Mexíkó í Copa America 2011.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**17.05 Dynasty** (7:28)

**17.50 Rachael Ray**

**18.35 America's Funniest Home Videos** (50:50) (e)

**19.00 High School Reunion** (8:8)

**19.45 Whose Line is it Anyway?**

**20.10 Survivor** (8:16) Bandarískur raunveruleikaþáttur sem notið hefur mikilla vinsælda.

**21.00 How To Look Good Naked** (1:8) Stílistinn geðþekki Gok Wan brýtur múra útlitsdýrkunar og aðstoðar ólíkar konur við að finna ytri sem innri fegurð. Simon þarfnast útlitsráðgjafar en þetta er í fyrsta sinn sem karlmaður fær yfirhalningu að hætti Gok Wan.

**21.50 In Plain Sight - NÝTT** (1:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hörkukonu og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Þrátt fyrir að vera lengi að ná sér eftir skotárásina er Mary harðákveðin í að svæla út sökudólginn

**22.35 Parenthood** (3:13) (e) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk. Adam og Kristina reyna að finna nýjan skóla fyrir Max eftir að hann er rekinn úr skólanum. Sarah ákveður að hætta að hitta Jim, Crosby skemmtir sér með syninum og Julia hefur áhyggjur af því að hún sé að missa af mikilvægum andartökum í lífi dóttur sinnar.

**23.20 Royal Pains** (3:13) (e)

**00.05 CSI: New York** (3:22) (e)

**00.55 Shattered** (2:13) (e)

**01.45 CSI: Miami** (19:24) (e)

**02.30 Smash Cuts** (9:52) (e)

**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**

**08.10 AT&T National** (1:4)

**11.10 Golfing World**

**12.00 Golfing World**

**12.50 LPGA Highlights** (10:20)

**14.10 AT&T National** (1:4)

**17.00 US Open 2002 - Official Film**

**18.00 Golfing World**

**18.50 PGA Tour - Highlights** (24:45)

**19.45 Open de France** (2:2)

**22.00 Golfing World**

**22.50 PGA Tour - Highlights** (19:45)

**23.45 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**

**20.15 Grey's Anatomy** (10:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Fairly Legal** (5:10) Ný dramatísk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt. Kate hefur náttúrulega hæfileika til að leysa deilumál, bæði vegna kunnáttu sinnar í lögfræði og eins vegna mikilla samskiptahæfileika. Henni virðist þó ekki takast að leysa deilurnar í sínu eigin lífi.

**22.30 Nikita** (16:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum.

**23.15 Saving Grace** (14:14)

**00.00 Grey's Anatomy** (10:24)

**00.45 The Doctors**

**01.25 Sjáðu**

**01.50 Fréttir Stöðvar 2**

**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

**21.00 Bæjarstjórnarfundur** Útsending frá bæjarstjórnarfundi frá því fyrr um daginn.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Landinn blótar orðið öllu og 1800 manns í Ásatrúarsöfnuði.

**21.00 Græðlingur** Gróðurhús keypt í Húsasmiðjunni, þriðji þáttur.

**21.30 Svartar tungur** Sigmundur, Birkir Jóns og Tryggvi Þór ræða pólitík.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.00**
**Modern Family**

Frábær gamansería sem stendur ávallt fyrir sínu. Jay á afmæli og dreymir um rólegan dag við veiðar en fjölskyldan er á öðru máli.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð 2011 **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Feneyjatvíæringurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Sjö dagar sælir **21.25** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Djassvisjón Evrópu: Frá Brooklyn til Brussel **23.05** Útvarpsleikhúsið: Skapalón **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.50** Deal or No Deal **12.25** Deal or No Deal **13.00** Dalziel and Pascoe **13.50** Dalziel and Pascoe **14.30** Deal or No Deal **15.05** Deal or No Deal **15.40** Deal or No Deal **16.15** Fawlty Towers **16.45** ,Allo ,Allo! **17.10** ,Allo ,Allo! **17.35** Inspector Lynley Mysteries **18.20** Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** The Graham Norton Show **23.50** QI **00.20** QI **00.50** Little Britain **01.15** My Family **01.45** Inspector Lynley Mysteries

### DR 1

**10.30** Hjernestorm **11.00** Bag kulisserne i Zoo **11.30** Sommertid **12.00** Solens mad **12.30** 90'erne tur retur **13.05** Aftenshowet Sommer **14.00** Byggemand Bob **14.10** Hyrdehunden Molly **14.30** Lille Nørd **15.00** Hercule Poirot **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **18.00** Hammerslag Sommermix **18.30** Mission. Baby **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2011 **20.00** Miss Marple **21.35** Verdens værste naturkatastrofer **22.20** Blod, sved og T-shirts **04.00** Rasmus Klump **04.05** Chiro

### NRK 1

**10.40** Berlin, Berlin **11.05** Solgt! **11.35** Karanba! **12.05** Hvilket liv! **12.35** Fotoskolen Singapore **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i naturen **15.10** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Grønn glede **18.00** Joanna Lumley: Draumen om Nilen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Lyngbø og Hærlands Big Bang **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner **22.10** Mat i Norden **22.40** Australias villmark

### svt1

**14.05** Vem tror du att du är? **14.50** K-märkt form **14.55** Sommarkväll **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Debatt **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.30** Ouppklarat **21.00** Svaleskär **21.30** Match Point **23.30** Rapport **23.35** Engelska Antikrundan **00.35** Rapport **00.40** Uppdrag Granskning **01.40** Rapport **01.45** Tager du **02.15** Semester, semester, semester **02.35** Rapport









*„Ég myndi velja Café Easy, matstofu í íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardalnum, ódýrasti bitinn í bænum. Ég held að það sé reyndar lokað núna, náunginn sem rekur staðinn er víst í sumarfríi.“*

Reynir Örn Þrastarson fyrirsæta

# Guðjohnsen-feðgar veðja á internetið

Feðgarnir Arnór Guðjohnsen og Eiður Smári Guðjohnsen hafa stofnað hlutafélag undir nafninu aeae ehf. ásamt Emil Tómasi Vigfússyni og Andrew Thomas Mitchell. Arnór og Eiður Smári hafa verið litlir hluthafar í samskiptasíðunni skoost.com sem þeir Emil og Andrew hafa rekið síðan 2009 en ætla nú færa út kvíarnar samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

„Þetta er bara leyndarmál eins og staðan er í dag, þetta er verkefni sem tengist internetinu og það er í raun það eina sem hægt er að segja um það. En þetta er mjög spennandi,“ segir Emil Tómas í samtali við Fréttablaðið. Arnór vildi litlu bæta við þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Þetta er á mjög viðkvæmu stigi en hlutirnir ættu að skýrast eftir nokkra mánuði. Ég get þó sagt að ég er að fara að hella mér út í þetta og ég er mjög spenntur fyrir þessu,“ segir Arnór. Hann vildi hvorki tjá sig um hvort þetta tengdist umboðsstarfinu sem hann hefur sinnt né gefa upp með hvaða liði Eiður Smári spilar á næsta tímabili. Sem kemur þessari frétt lítið við.

Eiður Smári hefur verið duglegur að fjárfesta hér á landi. Hann er einn eigenda gistiheimilisins Kex Hostel við Skúlagötu sem slegið hefur í gegn í miðbæ Reykjavíkur. - fgg



**NETFEÐGAR** Arnór og Eiður Smári hafa stofnað hlutafélag sem á að halda utan um rekstur vefsíðu. Mikil leynd hvílir yfir vefsíðunni.

# Frikki Weiss á flótta

„Það kom smá í kjallarann og við vorum alveg fimm tíma að þrífa það. En sem betur fer var þetta bara hreint vatn og því fylgdu engar rottur,“ segir Friðrik Weisshappel, veitingamaður á The Laundromat Café í Kaupmannahöfn. Verslanir í nágrenni við veitingastaði Friðriks voru ekki alveg jafn heppnar og veitingamaðurinn aðstoðaði verslunareigendur eftir fremsta megni.

Kaupmannahöfn er á floti eftir úrhellisrigningu um helgina en Friðrik er með tvo veitingastaði í miðborginni, einn á Norðurbrú og annan á Austurbrú en þau svæði sluppu hvað best. „Vesturbrú lítur alveg skelfilega út; þar er útlitið eins og í New Orleans eftir Katrínu.“ Friðrik segir rigninguna hafa verið eins og úr syndaflóði Biblíunnar, vatnsmagnið hafi verið slíkt. „Ég var að keyra heim úr matarboði og vinnukonurnar höfðu ekki við. Konan mín var alveg í taugaáfalli og mér stóð ekki á sama, þrátt fyrir að hafa upplifað ótrúlega hluti úr íslenskri veðráttu.“



**SLAPP VEL** Friðrik Weisshappel slapp vel undan flóðinu í Kaupmannahöfn, smá vatn lak inn í kjallara. Fólk úr nærliggjandi hverfum kom hins vegar á Laundromat til að þurrka föt og annað slíkt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FRÆGUR HNAKKI** Kastaníubrúnn hnakkinn á Jon Bon Jovi tók á móti ljósmyndara Fréttablaðsins á Reykjavíkurflugvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**JON BON JOVI:** KEYPTI NÝJU PLÖTUNA MEÐ GUSGUS

# Fagnaði þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna í þyrluferð

Bandaríski rokksöngvarinn Jon Bon Jovi er staddur á landinu, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Hann kom til landsins ásamt fjölskyldu sinni um helgina.

Þjóðhátíðardagur Bandaríkjanna var í gær og Jon Bon Jovi og fjölskylda voru komin á kreik á Hótel Borg fyrir hádegi. Þau yfirgáfu Borgina upp úr ellefu á tveimur svörtum Lincoln Navigator-jeppum. Þeim var ekið rakleiðis á Reykjavíkurflugvöll þar sem AS365N Dauphin-þyrla Norðurflugs beið, en óvíst er hvert flogið var með hópinn. Fréttablaðið hafði samband við Norðurflug, en þar á bæ höfðu menn engar upplýsingar um ferðir Jon Bon Jovi.

Koma Bon Jovi til landsins hefur vakið mikla athygli. Eins og Vísir.is og fleiri netmiðlar greindu frá í gær heilsaði hann upp á vegfarendur á Laugavegi um helgina. Vinkonurnar Klara Björns og Beta Gagga létu smella af sér mynd með söngvaranum, en þær rákust á hann á kaffihúsi í miðborginni.

Þá kom maður úr fylgdarliði Bon Jovi við í plötubúð Smekkleysu á Laugavegi á föstudag. Sagðist hann vilja kynna Bon Jovi fyrir nýrri íslenskri tónlist og var ráðlagt að kaupa nýju plötuna með hljómsveitinni GusGus, Arabian Horse. Starfsfólk verslunarinnar fékk þau fyrirmæli að hafa hljótt um komu söngvarans til landsins, sem það gerði, en fyrsta fréttin um komu Bon Jovi til landsins birtist ekki fyrr en á mánudag í Fréttablaðinu.

Eins og fram kom í blaðinu í gær dvelur Jon Bon Jovi í turnsvítunni á Hótel Borg á meðan hann jafnar sig eftir aðgerð á hné. Hljómsveit hans Bon Jovi kemur fram í Istanbúl í Tyrklandi á föstudaginn, en heimildir Fréttablaðsins herma að hann ætli að dvelja hér á landi þangað til hann heldur til Tyrklands.

atlifannar@frettabladid.is



**FÉKK PLÖTU MEÐ GUS GUS** Maður á vegum Jon Bon Jovi kom við í plötubúð Smekkleysu á föstudag og keypti plötuna Arabian Horse með GusGus fyrir Bon Jovi.

# Með vatnspoka á bakinu hjá Björk

„Það er búið að ganga mjög vel og ótrúleg tilfinning að taka þátt í þessu,“ segir Jóna G. Kolbrúnardóttir um tónleika Bjarkar Guðmundsdóttur í Manchester en Jóna er hluti af kórnum Graduale Nobili sem syngur bakraddir hjá Björk. Núna er tveimur tónleikum lokið af sex en kórinn verður í Manchester í tæpan mánuð ásamt stórstjörnunni og fylgdarliði hennar.

„Við höfum það mjög gott. Gistum í flottum hótelíbúðum og höfum allt til alls. Við höfum líka náð að skoða aðeins bæinn, sem er mjög fallegur, og fengið flott sumarveður,“ segir Jóna en þær hafa líka verið í ströngu æfingaprógrammi. Uppselt er á alla tónleikana og hafa þeir fengið góða dóma í miðlum á borð við The Guardian og The Independent

„Tónleikarnir eru haldnir í hálfgerðri skemmu sem tekur um 1.800 manns. Áhorfendur standa í kringum sviðið og fylgjast með en við stöndum annaðhvort á sviðinu eða röðum okkur upp í kringum það. Björk er svo á iði úti um allt. Þetta er mjög sjónrænt og flott,“ segir Jóna og viðurkennir að það sé mögnuð upplifun að standa á sviði með Björk fyrir framan æsta áhorfendur. „Sumir hverjir eru alveg rosalega miklir aðdáendur Bjarkar og nánast með hana í guðatölu. Það er gaman að fylgjast með því.“



**FÁ SÉR VATN** Jóna G Kolbrúnardóttir, hér ásamt Guðrúnu Matthildi Sigurbergsdóttur í Graduale Nobili, segir það magnaða upplifun að standa upp á sviði með Björk fyrir framan æsta áhorfendur í Manchester.

Kórinn fékk sérsaumaða kjóla fyrir tónleikana en í þeim leynast ísaumaðir vatnspokar með röri sem kemur út um hettuna. „Það er fyndið en nauðsynlegt að geta fengið sér vatnssopa þegar manni hentar því það verður mjög heitt á sviðinu,“ segir Jóna en ævintýri Graduale Nobili í Manchester lýkur þann 17. júlí. - áp



Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI Way of Life!






# Nýr Suzuki Swift








FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár
nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

**Verð frá 2.580 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri,
beinskiptur)
$CO_2$ 116g/km

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

Hugtök Markaðsráðgjöf Júní 2011

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Til Bahama – eyja

Handboltakappinn **Björgvin Páll Gústavsson** og Karen Einarsdóttir gengu í það heilaga um helgina. Björgvin bað Karenar á svölum hótels í Mílanó á síðasta ári, en þau hafa búið saman í Schaffhausen í Sviss síðustu ár þar sem Björgvin hefur spilað. Þau flytja svo til Þýskalands í sumar, en Björgvin leikur með þýska liðinu Magdeburg á næsta tímabili. Björgvin er þekktur fyrir að fara alla leið í því sem hann tekur sér fyrir hendur og hjónin ætla í veglega brúðkaupsferð á næstunni – fyrst til New York og þaðan til Bahamaeyja, sem Ingó og hljómsveitin Veðurguðirnir gerðu landsfrægt lag um.



### Bergur Ebbi eignast barn

**Bergur Ebbi Benediktsson,** grínisti í upppistandshópnum Mið-Íslandi, varð faðir í annað sinn á föstudag. Þá fæddi Rán Ingvarsdóttir, eiginkona hans, son sem hefur verið nefndur Guðmundur Brynjar. Fyrir eiga þau dótturina Gerðu sem er þriggja ára gömul. Bergur er menntaður lögfræðingur en hefur getið sér gott orð sem uppistandari og tónlistarmaður en hann var söngvari í hljómsveitinni Sprengjuhöllinni til ársins 2009. Þá er von á sjónvarpsþætti frá strákunum í Mið-Íslandi á Stöð 2 í haust þannig að það verður nóg að gera hjá Bergi á næstunni.

- afb / mþl




**Mest lesið** vísir

1 Fékk koss fríið en síðan uppsagnarbréf
2 Bjó um barnið í ruslagámnum
3 Bon Jovi á Borginni – jafnar sig eftir hnéaðgerð á Íslandi
4 Sögðu Obama hafa verið myrtan
5 Hittu Bon Jovi á Laugaveginum



FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




**ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir



# SUMARÚTSALA

## 1.-9. JÚLÍ

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**20-70%** AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

Sýningardýnur, skiptidýnur og útlitsgallaðar dýnur. Pífur, sængur og fleira.



**25%** afsláttur
**af BOAS svefnsófanum**
Fæst í ljósu og dökku leðri
Verð áður: 169.900
Verð nú: **127.425**

**50%** afsláttur
**af sólblóma-sængurverasetti**
Verð nú: **8.900**





**50%** afsláttur
**af Christian Harold höfuðgafli**
Stærð fyrir 160 cm rúm en getur líka passað fyrir Queen rúm.
Verð áður: 74.900
Verð nú: **37.450**

**70%** afsláttur
**af pífu pilsum á rúm**
Er til rykkt og slétt, í mörgum litum og stærðum.

**Fyrstur kemur fyrstur fær**

**50%** afsláttur af rúmstæðum
**Í ljósum og dökkum kirsuberjavið**
153 cm, 160 cm, 180 cm og 193 cm.
Verð frá **39.950**

**70%** afsláttur
**af Betty sængum**
Thinsulate Microfacer duo
140x220 cm. Verð nú: **4.320**
200x200 cm. Verð nú: **5.370**
200x220 cm. Verð nú: **5.670**

**50%** afsláttur
**af glæsilegu Willis & Gamber rúmstæði**
Er úr gegnheilum Erli-kirsuberjaviði



**Takmarkað magn**

Sýningarrúm

**50%** afsláttur af völdum teppasettum og sýnishornum




**Svefn & heilsa**
★★★★★




www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00